FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

169. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 20. JÚLÍ 2017



Þyrla Landhelgisgæslunnar sést hér sveima yfir Gullfossi við leit að manni sem fór í fossinn. Allt tiltækt lið björgunarsveita, sjúkraliðs og lögreglu var sent á vettvang ásamt báðum þyrlum Gæslunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/MAGNÚS HLYNUR

# Leitað við Gullfoss að óþekktum manni

**Maður féll í Gullfoss í gær. Engin vitni sáu hann fara í fossinn. Ekki var ljóst í gærkvöld hver hann er. Fjölmennt björgunarlið var við leit.**

**SLYS** Maður sást fljótandi í ánni við neðri foss Gullfoss í gær. Adolf Árnason, varðstjóri hjá lögreglunni á Suðurlandi, segir að lögreglu hafi borist tilkynning rétt fyrir klukkan fimm en í framhaldinu hafi maðurinn horfið. Ekkert hafði sést til mannsins þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi og stóð víðtæk leit enn yfir. Að sögn lögreglu var gangandi leitarfólk á svæðinu sem og drónar og þyrlur Landhelgisgæslunnar.

Engin vitni sáu manninn detta ofan í fossinn, að sögn lögreglu. Maðurinn sást eingöngu fljótandi í ánni. Lögregla segist ekki með neitt staðfest um hver maðurinn sé. Leitarsvæðið er afar erfitt. Gengið er meðfram bökkum árinnar og þá þurfa leitarmenn að vera bundnir í spotta þar sem bakkarnir eru grónir og vonlaust að vita hvað er undir þeim. Að sögn lögreglu var leitað langt niður með ánni. Þegar Fréttablaðið fór í prentun stóðu leitarmenn um átta kílómetra frá fossinum að vakta.

Þegar tilkynningin barst viðbragðsaðilum var allt tiltækt lið lögreglu, sjúkraliðs og björgunarsveita kallað á staðinn. Fór fyrri þyrla Landhelgisgæslunnar í loftið rúmlega fimm í gær og um hálftíma síðar var ákveðið að senda aðra þyrlu með sérhæfða björgunarsveitarmenn innanborðs á vettvang. – þea

## Skín í dagsektir fyrir Costco

**NEYTENDUR** Varúðarmerkingum á efnavörum, svo sem þvotta- og hreinsiefnum, hefur í mörgum tilfellum verið ábótavant í verslun bandarísku keðjunnar Costco í Garðabæ. Umhverfisstofnun hefur krafið verslunina um úrbætur. Ef verslunin verður ekki við kröfum stofnunarinnar gæti hún átt yfir höfði sér dagsektir.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins sendu nokkrir keppinautar Costco, fyrst og fremst innlendir heildsalar, kvörtun til Umhverfisstofnunar. – kij

**Hreinsivörur eru meðal þess sem sagt er vera ekki merkt samkvæmt reglum.**

## Benedikt vill hafna krónunni

**EFNAHAGSMÁL** Benedikt Jóhannesson fjármálaráðherra segir íslensku krónuna óútreiknanlega og leiða til óstöðugleika. Vextir séu og verði mun hærri á Íslandi en í viðmiðunarlöndum. Þetta sé ósanngjarnt og leiði til óþarfa átaka í samfélaginu.

Í grein í Fréttablaðinu í dag segir Benedikt nú vera tíma til að ýta gömlum kreddum til hliðar. Stöðugleiki náist aldrei nema með stöðugum gjaldmiðli sem standi undir nafni og bjóði upp á svipaða vexti og í nágrannalöndum.



sjá bls. 12

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Ítalía er Þorvaldi Gylfasyni ráðgáta. 13

**SPORT** Fyrirliði kvennalandsliðsins í fótbolta, er nú eini leikmaður liðsins sem hefur spilað alla leiki stelpnanna okkar á stórmóti. 18



**MENNING** Beint frá Feneyjum í fjárhúsin á Kleifum á Blönduósi. 26

**LÍFIÐ** Hin 32 ára Sigríður Lena er einhleyp og barnlaus og íhugar að stofna fjölskyldu ein með því að þiggja gjafasæði. 34

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Austan- og suðaustanátt í dag, skýjað að mestu sunnan- og vestanlands og sums staðar dálítil væta, en bjart með köflum norðaustan til.

SJÁ SÍÐU 24

# Ástandið ekki gott



Olíumengun er enn í Grafarlæk við Grafarvog. Ekki hefur tekist að finna hvaðan mengunin kemur. Ljóst er að hún barst á föstudeginum eða mögulega fyrr út í lækinn Í gær tók útbreiðslan kipp vegna úrkomu. Olían sem sést er staðbundin. Olían sem berst í fjöru er áhyggjuefni. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Jóhanna opnar gleðigönguna fyrir Færeyinga

**SAMFÉLAG** Jóhanna Sigurðardóttir, sem var fyrsti opinberlega samkynhneigði þjóðarleiðtogi heims, mun opna áttundu hinsegin gönguna í Færeyjum þann 27. júlí næstkomandi.

Jóhönnu er meðal annars boðið að taka þátt í ár til að varpa ljósi á þær framfarir sem hafa átt sér stað í réttindabaráttu hinsegin fólks í Færeyjum á síðustu árum. Það vakti athygli árið 2010 þegar Jóhanna Sigurðardóttir fór í opinbera heimsókn til Færeyja að Jenis av Rana, formaður Miðjuflokksins í Færeyjum og þingmaður á færeyska Lögþinginu, neitaði að mæta til kvöldverðarboðs með Jóhönnu Sigurðardóttur og Jónínu Leósdóttur.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan þá og fyrr á þessu ári voru hjónabönd samkynhneigðra samþykkt á færeyska lögþinginu.

Áætlað er að þúsundir muni ganga til stuðnings hinsegin fólki þennan dag. Jónína Leósdóttir, kona Jóhönnu, mun einnig taka þátt í göngunni. Jóhanna og Jónína hafa undanfarið sótt marga viðburði sem tengjast réttindabaráttu hinsegin fólks. Meðal annars setti Jóhanna LGBT, menningar- og viðskiptahátíð á Tenerife, ásamt borgarstjóranum og tóku þær Jónína í lok júní þátt í mannréttindaráðstefnu í tengslum við World Pride í Madríd í vikunni.



Ekki náðist samband við Jóhönnu við vinnslu fréttarinnar. – sg

# Ísraelar fordæma afstöðu ESB til sín

**ÍSRAEL** Afstaða og hegðun Evrópusambandsins gagnvart Ísraelsríki er „geðveik“ samkvæmt forsætisráðherra ríkisins, Benjamin Netanjahú. Frá þessu greindi hann á lokuðum fundi í Búdapest, höfuðborg Ungverjalands, en ummælum hans var fyrir slysni varpað í heyrnartól fjölmiðlamanna sem biðu fyrir utan fundinn.

„Evrópusambandið er eina ríkjasambandið í heiminum sem setur sér þröng skilyrði í samskiptum við Ísrael, pólitísk skilyrði,“ sagði forsætisráðherrann. Sagði hann afstöðu ESB raska öryggi sambandsins sem og skaða efnahag þess. – þea



**Benjamin Netanjahú**

# Blaðamenn hópuðust í kringum mömmuna

**Framherjinn Harpa Þorsteinsdóttir segir það ekki hafa verið planað að mæta með fimm mánaða son sinn í viðtöl eftir tapið gegn Frökkum. Allt fór á hliðina er franskt og hollenskt fjölmiðlafólk sá leikmann með svo ungt barn í fanginu.**

**EM2017** „Ég var á leiðinni út eftir leik og þá spyr Ragga (Ragnhildur Skúladóttir í landsliðsnefnd KSÍ) hvort hún eigi ekki að taka töskuna og ég halda á Ými. Svo hverfur Ragga bara en ég þurfti að labba í gegnum þetta fjölmiðlasvæði,“ segir Harpa.

Þar varð uppi fótur og fit, myndavélar fóru á loft og allir vildu ræða við nýbökuðu mömmuna. Ýmir tók athyglinni með stóískri ró. „Ég var ekki búin að hugsa þetta til enda en kannski var bara fínt að klára þetta á einu bretti.“

Spurningarnar snerust fæstar um leikinn en meira um móðurhlutverkið.

„Kannski finnst okkur Íslendingum það orðið eðlilegra að pabbinn sé að sjá um börnin á meðan mamman sér um önnur verkefni,“ segir Harpa.

„Þeir voru aðallega að spá í það hver væri eiginlega að sjá um barnið fyrst að ég væri að spila hér. Sem betur fer á hann pabba. Ég held að það væri ekki mikið um fréttir ef mamman væri hinum megin við borðið eins og Kalli er núna,“ segir Harpa og vísar til föðurins, Jóhannesar Karls Sigursteinssonar, sem heldur til í sumarhúsi með synina tvo meðan á EM stendur. Harpa dvelur þó hjá þeim á nóttunni að frátalinni nóttinni fyrir leik þegar landsliðið gistir í borginni þar sem leikið er hverju sinni.

Knattspyrnusamband Evrópu minntist á nýbökuðu íslensku mömmuna í umfjöllun fyrir og eftir Frakkaleikinn. Sá misskilningur var þreyndar að hin 26 ára Dagný Brynjarsdóttir, miðjumaður landsliðsins, var sögð þriggja barna móðir.



**Ýmir Jóhannesson sló í gegn með Hörpu Þorsteinsdóttur, mömmu sinni, á blaðamannafundi eftir baráttuleikinn gegn Frökkum.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Ég var ekki búin að hugsa þetta til enda en kannski var bara fínt að klára þetta á einu bretti.**
>
> Harpa Þorsteinsdóttir

„Mér finnst bara geggjað að Dagný sé stimpluð sem þriggja barna móðir því hún verður svo móðguð bara ef einhver kallar hana konu. Ég vil að fólk deili endilega þessari frétt svo hún fari sem víðast.“

Svo virðist sem Dagnýju hafi verið ruglað saman við Hörpu, nýbakaða tveggja barna móður, og Málfríði Ernu Sigurðardóttur sem á þrjú börn. „Okkur fannst þetta mjög fyndið. Þetta var mikið rætt í matnum fyrir leikinn,“ segir Málfríður hlæjandi. Ekki var minna hlegið þegar umfjöllun UEFA eftir leik var skoðuð.

„Þar kom fram hvað þriggja barna móðirin Dagný væri í geggjuðu formi,“ segir Málfríður og hlær.

Stelpurnar mæta Sviss á laugardaginn en liðið hefur ekki skorað í síðustu fjórum leikjum. Markadrottningin Harpa hefur litlar áhyggjur af því. „Við erum búin að fara vel í gegnum sóknarleikinn og varnarleikinn. Þetta dettur með okkur, bara spurning um hvar og hvenær.“ kolbeinntumi@365.is

ÞÚ ERT Í ÖRUGGUM HÖNDUM HJÁ VOLVO PENTA Á ÍSLANDI

VOLVO PENTA

**Öflug Volvo Penta þjónusta**

Hjá Volvo Penta á Íslandi | Brimborg starfar framúrskarandi teymi sem samanstendur af öflugum fagmönnum Brimborgar og samstarfsaðilum um land allt. Komdu í dag og ræddu við ráðgjafa.

**Kauptu bestu varahlutina**

Volvo Penta á Íslandi | Brimborg er með gott úrval varahluta á lager og á mjög hagstæðu verði. Varahlutasérfræðingar okkar veita þér fyrirtaksþjónustu og ráðgjöf við kaup.



**HAFÐU SAMBAND Í DAG**

- Sími: 515 7067 | 869 7537 Guðmundur Gísli
- Netfang: volvopenta@brimborg.is
- Heimasíða: volvopenta.is

brimborg

Volvo Penta á Íslandi | Brimborg • Bíldshöfða 6 • Sími 515 7070 • volvopenta.is


BOSS
HUGO BOSS
SAND
POLO
RALPH LAUREN
Stenströms
ARMANI
COLLEZIONI
eterna
VAN KOLLEM
MADISON PARK • NY
gardeur
HUGO
HUGO BOSS
PETER VAN HOLLAND
FINUCCI
bugatti
TINO COSMA
BELLINI
collezione
MANZ
GERMANY QUALITY SHOES SINCE 1898
BARKER
ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880
LLOYD
Herra
lagerinn
outlet
líka fyrir konur
Hreinsun!
70%
afsláttur
af öllum vörum
Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512
Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen)

# Skelfilegur Gjábakkavegur sagður ástæða þess að rúta fór á hliðina

**SLYS** „Vegurinn er alveg skelfilegur þarna. Það brotnar úr honum á köntunum og svo er hann mjög þröngur í þokkabót,“ segir Magnús H. Valdimarsson, eigandi ferðaþjónustufyrirtækisins Time Tours. Rúta á vegum fyrirtækisins valt á Gjábakkavegi á Suðurlandi í gær með 43 farþega innanborðs.

Magnús lýsir atburðarásinni sem svo að rútan hafi verið að mæta öðrum bíl. Vegna þrengdar vegarins hafi bílstjóri rútunnar þurft að víkja út í kant og þá hafi kanturinn gefið sig. „Malbikið brotnar niður þarna. Svo er búið að rigna alveg rosalega mikið undanfarið,“ segir Magnús.

> Það var heppilegt að enginn slasaðist, það er fyrir öllu.
>
> Magnús H. Valdimarsson, eigandi Time Tours

Enginn slasaðist alvarlega í slysinu. „Það voru víst allir í bílbeltum og svo var þetta reyndur og góður bílstjóri þannig að þetta fór vel. Það var heppilegt að enginn slasaðist, það er fyrir öllu,“ segir Magnús enn fremur.

Magnús er afar ósáttur við stjórnvöld vegna ástands vegarins.

„Maður verður að geta gert þær lágmarkskröfur að vegabætur skili sér. Ferðaþjónustan borgar að minnsta kosti nógu mikið af gjöldum til ríkisins.“ – þea



Rúta Time Tours valt af veginum sem staðið hefur til að lagfæra.



Meint brot yfirmanns hjá Icelandair er til rannsóknar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Tugir milljóna króna frystir

**LÖGREGLUMÁL** Héraðssaksóknari rannsakar nú meint brot yfirmanns hjá Icelandair sem er grunaður um brot á lögum um verðbréfaviðskipti, eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær. Rannsóknin beinist að viðskiptum með bréf í félaginu í aðdraganda þess að Icelandair Group sendi frá sér tilkynningu til Kauphallarinnar í febrúar, þar sem afkomuspá ársins var lækkuð um liðlega þrjátíu prósent.

Ólafur Þór Hauksson héraðssaksóknari staðfesti við fréttastofu í gær að rannsókn stæði yfir og að nokkrir hefðu verið færðir í yfirheyrslu. Þá hefðu eignir verið kyrrsettar eða frystar en fjárhæðirnar sem um ræðir hlaupa á tugum milljóna. Að sögn Ólafs gengur rannsókn vel en ekki liggur fyrir hvort ákæra verður gefin út. – jkj

## Kínverjar banna Bangsímon

**KÍNA** Ekki er lengur hægt að skrifa um eða deila myndum af hinum viðkunnanlega bangsa Bangsímon, sé maður á internetinu í Kína.

BBC segir Kínverja hafa deilt myndum af Bangsímon í sambærilegum aðstæðum og forseti landsins, Xi Jinping, og líkt forsetanum við barnabókabangsann vinsæla. Segir BBC að Kínverjar líði ekki að hæðst sé að leiðtoganum á slíkan hátt. – þea



# Costco gert að merkja efnavöru eftir kvartanir frá keppinautum

**Umhverfisstofnun krefurð bandaríska verslunarrisann Costco um úrbætur vegna óviðunandi merkinga á efnavörum eftir kvartanir keppinauta. Ef verslunin verður ekki við kröfum á hún dagsektir yfir höfði sér. Pottur er víða brotinn í merkingu efnavöru og á það ekki aðeins við um Costco segir Umhverfisstofnun.**

**NEYTENDUR** Varúðarmerkingum á efnavörum, svo sem þvotta- og hreinsiefnum, hefur í mörgum tilfellum verið ábótavant í verslun bandarísku keðjunnar Costco í Garðabæ. Umhverfisstofnun hefur krafið verslunina um úrbætur. Ef verslunin verður ekki við kröfum stofnunarinnar gæti hún átt yfir höfði sér dagsektir.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins sendu nokkrir keppinautar Costco, fyrst og fremst innlendir heildsalar, kvörtun til Umhverfisstofnunar þar sem bent var á að varúðarmerkingum á ýmsum vörum sem verslunin selur, til dæmis uppþvottaefnum og hreinsivörum, væri verulega ábótavant.

Lýstu þeir sem kvörtuðu gremju sinni yfir því að Costco hefði í margar vikur komist upp með að merkja ekki allar umbúðir efnavara sinna, líkt og skylt er lögum samkvæmt.

Gunnlaug Helga Einarsdóttir, sviðsstjóri hjá Umhverfisstofnun, staðfesti í samtali við blaðið í gær að stofnunin hefði brugðist við ábendingum sem henni bárust og sent starfsmenn í eftirlitsferð í Costco. Hefðu þeir í kjölfarið krafið verslunina um ákveðnar úrbætur, þar á meðal að hún bætti varúðarmerkingar sínar á efnavörum. Forvarsmenn verslunarinnar fengu fjögurra vikna frest til þess að grípa til úrbóta og er sá frestur ekki enn liðinn.

Samkvæmt upplýsingum frá Umhverfisstofnun er víða pottur brotinn í merkingu efnavara. Á það ekki aðeins við um Costco, heldur er úrbóta þörf víðar.



Costco opnaði verslun sína í Garðabæ 23. maí síðastliðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR.

> Við reynum ávallt að bregðast við þeim ábendingum sem við fáum, fara á staðinn og ganga úr skugga um hvort þær eigi við rök að styðjast eða ekki.
>
> Gunnlaug Helga Einarsdóttir, sviðsstjóri hjá Umhverfisstofnun

„Við reynum ávallt að bregðast við ábendingum sem við fáum, fara á staðinn og ganga úr skugga um hvort þær standist. Við gerum í kjölfarið eftirlitsskýrslu þar sem fram kemur hvort ábendingarnar eigi við rök að styðjast eða ekki. Og ef merkingum er ábótavant er gerð krafa um úrbætur og ákveðinn frestur gefinn. Fyrirtækin fá þá frest til þess að koma sínum málum í lag,“ segir Gunnlaug.

Samkvæmt efnalögum er Umhverfisstofnun heimilt að veita þeim sem brýtur gegn ákvæðum laganna áminningu.

Ef fyrirmælum Umhverfisstofnunar er ekki sinnt innan tiltekins frests getur hún jafnframt lagt dagsektir á viðkomandi fyrirtæki þar til úr er bætt, en sektirnar geta numið allt að 500 þúsund krónum fyrir hvern dag. kristinningi@frettabladid.is

Þarftu að ráða?
Iðnaðarmann
Bílstjóra
Bifvélavirkja
Þjónustufólk
Öryggisvörð
Lagerstarfsmann
Matreiðslumann
elja
Starfsmannaþjónusta
Láttu okkur ráða
Elja starfsmannaþjónusta 4 150 140 elja.is ELJA@ELJA.IS

# Hagar ekki eins spennandi án Lyfju

**VIÐSKIPTI** Snorri Jakobsson, greinandi hjá Capacent, segir ljóst að eftir ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um að ógilda kaup smásölurisans Haga á Lyfju séu Hagar ekki eins spennandi fjárfestingarkostur og áður. Sameining félaganna hefði aukið breidd í rekstri Haga auk þess sem vænt samlegðaráhrif hefðu verið umtalsverð.



Snorri Jakobsson, greinandi hjá Capacent

Hann segir að Capacent verðmeti Haga án Lyfju og Olís á genginu 48,6 krónur á hlut en verðmatsgengi Haga með fyrirtækin tvö innanborðs hafi verið 52,4 krónur á hlut. Gengi bréfa félagsins stóð í 39,05 krónum á hlut eftir lokun markaða í gær.



Hagar reka meðal annars verslanir Bónus. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Þrátt fyrir að Samkeppniseftirlitið hafi ekki samþykkt kaupin segir Snorri hins vegar að Hagar sé enn verulega vanmetið fyrirtæki á markaði. „Við erum hins vegar ekkert að draga fjöður yfir það að Hagar eru ekki eins spennandi fjárfestingarkostur og áður, en Lyfja félli vel að rekstri Haga,“ segir hann. – kij




www.honda.is

Við lögðum af stað með meira. Meira pláss til að gera góða hluti, eiga góða daga, meira af góðum ferðum. Meiri bíl til að treysta á, aflmeiri, hagkvæmari, sparneytnari. Meira af því sem við gerum vel - gert enn betur.
Já, og meira fyrir peninginn.

BERNHARD

Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**Umboðsaðilar:** Bernhard, Reykjanesbæ • Bílver, Akranesi • Höldur, Akureyri • Bragginn, Vestmannaeyjum

# Ferðum um Landeyjahöfn aflýst vegna stórstreymis

**SAMGÖNGUR** Sex ferðum Herjólfs til og frá Landeyjahöfn 23., 24. og 25. júlí hefur verið aflýst. Segir í tilkynningu frá Herjólfi að niðurstöður dýptarmælinga við Landeyjahöfn á dögunum sýni að ekki sé nægt dýpi við hafnargarðana til að hægt sé að sigla á fjöru.

Stórstreymt er næstu daga og þar af leiðandi er dýpið of lítið til að Herjólfur sigli til Landeyjahafnar. Þá segir að samkvæmt Vegagerðinni sé dýpkunarskip ekki fáanlegt sem stendur, ekki liggi fyrir hvenær slíkt verður fáanlegt.

„Öldu- og vindaspá er góð fyrir næstu daga og vonast er til að ekki þurfi að fella niður fleiri ferðir en við biðjum farþega þó að fylgjast vel með tilkynningum, ef aðstæður breytast þá verður það tilkynnt,“ segir í tilkynningunni. **– þea**

**Ekki er nægt dýpi til að sigla um Landeyjahöfn á fjöru dagana 23. til 25 júlí. Dýpkunarskip er ekki fáanlegt og ekki liggur fyrir hvenær það fæst.**










**Bráðabirgðaniðurstöður benda til að kviknað hafi í á pallinum.** MYND/PÉTUR SVEINBJÖRNSSON

# Slökktu í með Mývatni

**Mikil mildi þykir að ekki varð manntjón í stórbruna í Mývatnssveit í gær. Stúlka gerði viðvart og sjö manns rétt sluppu út áður en eldurinn læsti sig um húsið. Vatnslaust var í þorpinu vegna viðgerðar og var slökkt í með vatni úr Mývatni.**

**SAMFÉLAG** „Þetta er allt frekar súrrealískt og maður er frekar daufur,“ segir Olivia Rakelardóttir Zieba en andvaka hennar bjargaði trúlega mannslífum í stórbruna í Mývatnssveit í fyrrinótt.

Sjö manns voru í fastasvefni þegar eldurinn kviknaði í húsinu Austurhlíð. Fimm starfsmenn Hótels Reynihlíðar sváfu í kjallara hússins og par á efri hæðinni. Bráðabirgðaniðurstöður benda til að eldurinn hafi kviknað í aðstöðu við pall sem stendur við húsið þar sem starfsmenn reykja. Húsið er skráð sem íbúðarhúsnæði.

Þótt trúlega hafi kviknaði í vegna sígarettu var það önnur sígaretta sem bjargaði því sem bjargað varð því Olivia gat ekki sofnað og fékk símtal sem hún vildi ekki taka í öðru starfsmannahúsi rétt hjá. Hún vatt sér því út og rúllaði upp sígarettu.

„Það var svo mikill vindur þannig að ég var eitthvað að reyna að kveikja í en þegar ég sný mér við þá sé ég að húsið stendur í ljósum logum,“ segir Olivia sem hringdi strax í Neyðarlínuna og sagði að fólk væri í hættu.



**Húsið er illa farið af eldi og reyk.** MYND/PÉTUR SVEINBJÖRNSSON

„Það var enginn kominn út og einhvern veginn ekkert að gerast. Ég hringdi næst í yfirmann minn sem býr í húsinu og sem betur fer svaraði hann. Ég öskraði eitthvað á hann – man reyndar ekkert hvað ég sagði og skömmu síðar komu allir hlaupandi út.“

Rauði krossinn opnaði fjöldahjálparstöð fyrir starfsfólkið. Einnig var því útvegaður fatnaður og öllum var boðinn sálrænn stuðningur og var Olivia nýkomin af slíkum fundi er Fréttablaðið náði tali af henni.

Slökkviliðið í sveitinni barðist við eldinn þrátt fyrir vatnsleysi en vatn hafði verið tekið af Reykjahlíðarþorpi vegna viðgerðar. Þegar vatnið í tankinum á slökkviliðsbílnum þraut brugðu slökkviliðsmenn á það ráð að sækja vatn í Mývatn og luku slökkvistarfi þannig. **benediktboas@365.is**

# Íbúar á Flötunum segja umferðargný hafa magnast með Costco

**UMHVERFISMÁL** „Umferð hefur að undanförnu aukist verulega um Reykjanesbraut ekki síst með tilkomu Costco verslunarinnar og vegna aukinna umsvifa almennt í Kauptúni,“ segir í bréfi íbúa við Sunnuflöt í Garðabæ þar sem þeir óska eftir því að bæjaryfirvöld beiti sér fyrir því að gerð verði hljóðmön við Reykjanesbraut.

„Gríðarlegur umferðarhávaði berst frá Reykjanesbraut yfir Efri-Flatir svo ekki verður lengur við unað. Með fyrirsjáanlega vaxandi umferð mun ástandið versna enn frekar,“ segja íbúarnir. Þeir hafi lýst áhyggjum sínum af auknum hávaða frá umferð þegar Reykjanesbrautin var tvöfölduð fyrir um það bil áratug.

„Fengust þau svör að þetta myndi lagast með hljóðmanarstubb yfir læknum og hljóðmön við Vífilsstaðaveg. Þær aðgerðir hafa því miður litlu breytt,“ segja íbúarnir sem vilja hljóðmön við Reykjanesbraut á kaflanum frá Vífilsstöðum að byggðinni í Molduhrauni. „Nánar tiltekið að þeim hluta brautarinnar sem snýr að Flatahverfi í Garðabæ,“ eins og segir í bréfinu.

Með hljóðmön segjast íbúarnir telja að hávaðamengun í hverfinu minnki til muna með auknum lífsgæðum fyrir þá sem þar búa. Útivistargildi Garðahrauns muni aukast verulega. „Nýlega hafa verið lagðir glæsilegir göngustígar um hraunið, en því miður er hávaði það mikill í hrauninu að náttúruupplifun er takmörkuð.“

Bæjarráð Garðabæjar fól bæjarstjóranum að skoða málið. **– gar**

**Gríðarlegur umferðarhávaði berst frá Reykjanesbraut yfir Efri-Flatir svo ekki verður lengur við unað.**

Íbúar á Sunnuflöt




24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan,
Spöng & Eiðistorg

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla










# Ríkin fjögur setja fram nýjar kröfur til Katara

**Arabaríkin fjögur, er beitt hafa Katara viðskiptaþvingunum í sex vikur, gera sex nýjar kröfur til ríkisins. Áður voru kröfurnar þrettán. Þeim höfnuðu Katarar. Meðal annars er deilt um meintan stuðning Katara við hryðjuverkasamtök.**

**KATAR** Arabaríkin fjögur, sem beita Katara nú viðskiptaþvingunum og hafa slitið stjórnmálasambandi við ríkið, hyggjast gera nýjar kröfur til Katara. Ríkin, Sádi-Arabía, Egyptaland, Barein og Sameinuðu arabísku furstadæmin, settu fram þrettán kröfur til Katara í síðasta mánuði sem þeir vildu að Katarar uppfylltu, ættu ríkin að aflétta þvingunum. Því höfnuðu Katarar.

Fastafulltrúar ríkjanna fjögurra hjá Sameinuðu þjóðunum héldu fund með blaðamönnum í höfuðstöðvum SÞ í gær þar sem þeir tilkynntu að nýju kröfurnar yrðu sex talsins og öllu víðtækari en fyrrnefndar þrettán. Á meðal þeirra verða kröfur um aukna skuldbindingu Katara í baráttunni gegn hryðjuverkasamtökum og að hætta að grafa undan stöðugleika við Persaflóa.

Á fundinum kváðust fastafulltrúarnir vilja leysa deiluna á vinsamlegan átt. Sagði fastafulltrúi Sádi-Arabíu, Abdullah al-Mouallimi, að utanríkisráðherrar ríkjanna hefðu samþykkt sín á milli umræddar sex kröfur á fundi í Kaíró, höfuðborg Egyptalands, þann fimmta júlí. „Auðvelt ætti að vera fyrir Katara að samþykkja kröfurnar,“ sagði al-Mouallimi.

Sádi-Arabinn sagði jafnframt að kröfurnar væru ófrávíkjanlegar og að málamiðlanir kæmu ekki til greina. Hins vegar væru ríkin fjögur til í að ræða við Katara um hvernig yrði best að innleiða kröfurnar.

Athygli vakti að al-Mouallimi sagði að það gæti reynst óþarft að loka katarska fjölmiðlinum Al Jazeera, líkt og upphaflegu kröfurnar gerðu ráð fyrir. Sagði hann hins vegar að miðillinn þyrfti að hætta að hvetja til ofbeldis og miðla hatursáróðri. „Ef við getum náð því markmiði án þess að loka Al Jazeera er það í lagi.“

Upptökin að deilunni við Persaflóa má rekja til þeirrar sannfæringar ríkjanna fjögurra að Katarar styðji hryðjuverkasamtök. Þá er Sádi-Aröbum einkar illa við hversu góð samskipti Katara eru við stjórnvöld í Íran.



**Þessir úlfaldar eru á meðal fórnarlamba deilunnar. Þeir þurftu að ganga langa leið til baka eftir að hafa verið meinuð innganga í Sádi-Arabíu.** NORDICPHOTOS/AFP

> **Auðvelt ætti að vera fyrir Katara að samþykkja kröfurnar.**
>
> Abdullah al-Mouallimi, fastafulltrúi Sádi-Arabíu hjá SÞ



Katarar tjáðu sig ekki um tilkynningu ríkjanna fjögurra í gær. Hafa þeir jafnframt alltaf neitað því að hafa styrkt hryðjuverkasamtök.

Persaflóadeilan hefur nú staðið yfir í um sex vikur. Hafa Katarar neyðst til þess að flytja inn mat og drykk með skipum og flugvélum. Áður en ríkið var beitt viðskiptaþvingunum komu um áttatíu prósent allra matvæla Katara frá ríkjunum fjórum. **thorgnyr@frettabladid.is**

# Síminn lúti sömu kröfum og aðrir gera

**FJARSKIPTI** „Síminn hefur ekki sætt sig við að lúta sömu kröfum og aðrir þjónustuaðilar og er það miður,“ segir í yfirlýsingu frá Orkuveitu Reykjavíkur vegna gagnrýni forstjóra Símans á vinnubrögð Gagnaveitunnar, dótturfyrirtækis OR.

Í Fréttablaðinu í gær var sagt frá bréfasendingum Orra Haukssonar, forstjóra Símans, til Orkuveitunnar. Gagnrýnir Orri að Gagnaveitan neiti samstarfi um lagningu og rekstur ljósleiðara og að Míla, dótturfyrirtæki Símans, fái ekki að kaupa aðgang að völdum hluta kerfis Gagnaveitunnar heldur standi einungis til boða að kaupa aðgang að öllu kerfinu í heilu lagi. Segir hann Gagnaveituna vinna gegn lögum og misnota opinbert fé til að að hindra samkeppni.

Orkuveitan segir hins vegar í yfirlýsingu sinni að starfsemi Gagnaveitunnar grundvallist á lögum og reglum. Félagið sé undir eftirliti Póst- og fjarskiptastofunnar og Samkeppniseftirlitsins.

„Með tilkomu Ljósleiðarans inn á fjarskiptamarkaðinn hefur samkeppni aukist og valkostum neytenda fjölgað verulega. Það er óumdeild staðreynd. Póst- og fjarskiptastofnun hefur skilgreint Mílu sem markaðsráðandi í fastlínutengingum og hefur verið það um langt árabil,“ segir OR sem kveður það eitt af markmiðum Gagnaveitunnar að efla samkeppni á fjarskiptamarkaði. „Hefur árangur fyrirtækisins sýnt fram á það og að vera neytendum fagnaðarefni.“

> **Með tilkomu Ljósleiðarans inn á fjarskiptamarkaðinn hefur samkeppni aukist og valkostum neytenda fjölgað verulega. Það er óumdeild staðreynd.**
>
> Orkuveita Reykjavíkur



Símaforstjóri segir opinbert fé vera misnotað í Gagnaveitunni

Forstjóri Símans ber Gagnaveituna þungum sökum í bréfi til Orkuveitunnar og skorar á stjórnarmenn að tryggja að starfað sé í samræmi við lög“. Meirihluti stjórnar OR hefur áður hafnað aðfinnslum forstjórans.

Orri Hauksson, forstjóri Símans.

Þá segir Orkuveitan að Gagnaveitan sé ekki markaðsráðandi í fastlínutengingum. Það sé Míla hins vegar. „Vegna þeirrar stöðu og vegna sáttar sem Síminn/Míla gerðu við Samkeppniseftirlitið vegna brota hvíla kvaðir á fyrirtækjunum umfram önnur á markaði,“ segir Orkuveitan.

Í Fréttablaðinu í gær sagði forstjóri Símans frá því að Kópavogsbær hafi þurft að skikka Gagnaveituna til að gefa Símanum kost á að vera með í skurðum sem grafnir voru undir ljósleiðara í Kópavogi í júní svo að ekki þyrfti að grafa upp sömu göturnar í tvígang.

„Lausn fékkst í Kópavogi eftir að Míla krafðist hlutdeildar í framkvæmdum GR eftir að þær höfðu verið fullhannaðar, leyfi íbúa fengin, þær boðnar út og um þær samið,“ segir Orkuveitan. „Þá hafi Gagnaveitan lagt sig fram um að bjóða Símanum aðgang að Ljósleiðaranum á viðskiptalegum forsendum. „Rétt eins og þeim sex fyrirtækjum sem nú veiti um hann þjónustu í samkeppni þeirra á milli.“ **– gar**

CITROËN

# NJÓTTU. SJÖ SÆTA SÆLA.




## CITROËN GRAND C4 PICASSO

**7 SÆTA OG SJÁLFSKIPTUR • HÁ SÆTISSTAÐA • ÞRÍR BARNASTÓLAR Í SÖMU SÆTARÖÐ**
**RISASTÓRT SKOTT • SPARNEYTINN • STÓR SNERTISKJÁR • BLUETOOTH**

**TILBOÐSVERÐ FRÁ 3.390.000 KR.**
Sjálfskipting 200.000 kr. aukalega.

citroen.is

Citroën Grand C4 Picasso er hannaður fyrir stórar fjölskyldur. Sæti fyrir sjö, þægilegt aðgengi, allir sitja hátt sem eru dásamleg gæði á langferðum og bíltúrinn verður skemmtilegri. Sætin í röðinni fyrir aftan framsætin eru í fullri stærð og vel fer um alla þá sem þú elskar mest og þrír barnabílstólar komast auðveldlega fyrir. Skottið er risastórt og auðveldlega stækkanlegt. Grand C4 Picasso er fyrir þig sem vilt komast ferða þinna með alla fjölskylduna á hagkvæman og þægilegan hátt. Ótrúleg sparneytni en sjálfskipt dísilútgáfan eyðir eingöngu 3.8 l/100 km í blönduðum akstri. Komdu með fjölskylduna, prófaðu og njóttu Grand C4 Picasso og gæðin munu hrífa þig.

**NJÓTTU CITROËN Í DAG.**

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17. Lokað á laugardögum í sumar.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

# Allir hefðu áttu að sitja við sama borð

**Þingmenn gagnrýna að ekki hafi allir haft sama aðgengi að fjárfestingarleið Seðlabanka Íslands. Fjármálaráðherra segir að eftir á að hyggja hafi reglurnar átt að vera aðrar og strangari. Leiðin hafi falið í sér mismunun. Þingmaður Pírata vill að sérstök rannsóknarnefnd skoði málið.**



Arnór Sighvatsson og Már Guðmundsson kynntu fjárfestingarleið bankans árið 2011. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Lilja Dögg Alfreðsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, segir gagnrýnivert að ekki hafi allir haft sama aðgengi að fjárfestingarleið Seðlabanka Íslands. Leiðin hafi leitt til þess að aðstöðumunur á milli þeirra sem áttu fé erlendis og hér á landi hafi aukist. Fjármálaráðherra segir að eftir á að hyggja hafi reglurnar átt að vera strangari.

Fram kom í Markaðinum, fylgiriti Fréttablaðsins um viðskipti og efnahagsmál, í gær að þeir fjárfestar sem komu með evrur hingað til lands í gegnum fjárfestingarleiðina á fyrri helmingi 2012 gætu nú innleyst rúma tuttugu milljarða króna gengishagnað.

Markaðurinn upplýsti jafnframt um fjölmarga fjárfesta sem nýttu sér leiðina til þess að koma með gjaldeyri og fjárfesta hér á landi til að minnsta kosti fimm ára. Var þeim gert kleift að kaupa krónur á betra verði en opinbert gengi Seðlabankans sagði til um.

Benedikt Jóhannesson fjármálaráðherra segir erfitt að setja sig í spor þeirra sem settu reglurnar um fjárfestingarleiðina á sínum tíma. „Í kjölfar hrunsins voru menn í miklum vandræðum vegna þess að hér voru erlendir aðilar sem áttu svo mikið af krónum. Snjóhengjan var þá í þeirri stærð að hún gæti sett allt efnahagslífið á hliðina ef krónurnar hefðu allar farið út í einu.“

Hins vegar spyrji maður sig nú hvort reglurnar hafi ekki átt að vera strangari. Vissulega hafi leiðin falið í sér mismunun. „Ég held að eftir á að hyggja hefðu menn kannski betur haft reglurnar öðruvísi.“

Einar Brynjólfsson, þingmaður Pírata, lagði fram þingsályktunartillögu í vor um að skipuð yrði sérstök nefnd til þess að rannsaka fjárfestingarleiðina. Tillagan var ekki útrædd á síðasta þingi og segist Einar ætla að leggja hana fram að nýju í haust, þó í breyttri mynd. „Það er fnykur af þessu. Þarna bauðst efnuðu fólki sem átti eignir í útlöndum að koma heim með peningana sína á kjörum sem almenningi stóðu ekki til boða,“ segir hann.

Lilja telur það geta verið gagnlegt að skipa sérstaka nefnd til þess að fara yfir málið, hvernig það var tilkomið og hverju það skilaði. „Ef það væri til þess að upplýsa málið frekar, þá er það mjög jákvætt.“

Lilja segir að þegar stjórnvöld hafi opnað leiðina árið 2011 hafi snjóhengjan verið stór og gjaldeyrisinnflæði takmarkað. Leiðin sé hins vegar ekki hafin yfir gagnrýni. Það

> **Það er grundvallaratriði að mínu mati að aðgengi fólks að gæðum sem stjórnvöld hafa milligöngu um að veita þarf að vera jafnt.**
>
> Lilja Dögg Alfreðsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins



sem helst hafi verið gagnrýnivert var að ekki höfðu allir sama aðgengi að leiðinni, enda hafi fjárhæðartakmörkin verið tíu milljónir króna. „Það er grundvallaratriði að mínu mati að aðgengi fólks að gæðum sem stjórnvöld hafa milligöngu um að veita þarf að vera jafnt.“

Jón Steindór Valdimarsson, varaformaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis sem fjallaði í vor um áðurnefnda tillögu Pírata, segir sjálfsagt að skoða leiðina ofan í kjölinn. Hann vill þó ekki fullyrða á þessari stundu hvort formleg rannsókn sé nauðsynleg.

„Það er afskaplega mikilvægt að okkur takist að skapa traust á meðal almennings á fjármálakerfinu. Við verðum að vanda okkur mjög vel við öll skref sem við tökum og læra af fortíðinni.“

kristinningi@frettabladid.is







# YVES SAINT LAURENT

## KYNNING Í HAGKAUP KRINGLU, SMÁRALIND, GARÐABÆ, SKEIFU OG AKUREYRI 20.-26. JÚLÍ

**Nýr fullkominn farði fyrir náttúrulegan geislandi húðlit & nýjasta leyndarmálið frá YSL**



**FLJÓTANDI FARÐI Í PÚÐAFORMI OG HÚÐIN LJÓMAR SAMSTUNDIS**

**Touche Eclat Le Cushion** er léttur og frábær farði í púða sem jafnar húðlitinn og samstundis fyllir andlitið ljóma.
Hentar einstaklega vel fyrir fólk á ferðinni og til að fríska upp förðunina.
Fyllir húðina raka og hefur sérstaka kælandi eiginleika sem halda húðinni ferskri allan daginn.

**20% AFSLÁTTUR**
AF YVES SAINT LAURENT VÖRUM Á KYNNINGUNNI



**Top Secrets Instant Moisture Glow**
Vinsælasta rakakremið frá YSL. Allt að 72 klst rakagjöf í túpu. Dregur saman opnar húðholur og jafnar yfirborð húðarinnar. Hentar einnig vel undir farða sem primer.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

# Tvær þjóðir



**Þorbjörn Þórðarson**
thorbjorn@frettabladid.is

Yfirleitt er rætt um ójöfnuð í sambandi við tekjur, tækifæri og stöðu mismunandi hópa en ójöfnuður á sér margar birtingarmyndir. Auk efnahagslegs ójöfnuðar má nefna félagslegan og menningarlegan ójöfnuð og allt það í samfélaginu sem skapar hindranir eða girðingar á milli ólíkra þjóðfélagshópa.

Það er sjaldgæft í norrænum samfélögum að ríkisvaldið sjálft ýti undir ójöfnuð eða lagskiptingu samfélagsins með beinum aðgerðum. Það gerðist engu að síður hér á landi þegar Seðlabanki Íslands ákvað árið 2012 að búa til umgjörð fyrir efnaða Íslendinga til að flytja gjaldeyri til landsins og kaupa krónur með miklum afslætti með svokallaðri fjárfestingarleið. Tilgangurinn var að laða erlent fjármagn inn í landið og hleypa um leið aflandskrónum út en aðgerðin var skref í losun gjaldeyrishafta.

Fjárfestingarleiðin fólst í því að eigendum gjaldeyris var gert mögulegt að kaupa krónur af aflandskrónueigendum á 20-30 prósent betra verði en opinbert gengi Seðlabankans sagði til um. Fjölmargir fjárfestar og fyrirtæki nýttu sér tækifærið og alls komu 1.100 milljónir evra til landsins í útboðum á grundvelli leiðarinnar á árunum 2012-2015. Í gær var greint frá því í Markaðnum í þessu blaði að gengishagnaður vegna fjárfestinga á grundvelli leiðarinnar næmi alls 75,7 milljörðum króna. Þegar upp var staðið voru það að miklu leyti efnaðir Íslendingar eða útlendingar með tengsl við landið sem nýttu sér úrræðið. Árið 2012 voru Íslendingar að baki 43 prósenta alls þess fjár sem kom inn í landið með fjárfestingarleiðinni. Það er á skjön við upphaflegan tilgang leiðarinnar eins og hún var kynnt af Seðlabankanum.

Til skoðunar eru fjögur skattsvikamál hjá skattyfirvöldum vegna fjármagnsflutninga í tengslum við fjárfestingarleiðina. Þá er umhugsunarvert að á meðal þeirra sem högnuðust um mörg hundruð milljónir króna með fjárfestingarleiðinni eru menn sem hafa hlotið þunga dóma fyrir efnahagsbrot í Hæstarétti Íslands og opinber rannsóknarnefnd hefur staðfest að keyptu eignir af ríkinu með blekkingum eftir síðustu aldamót.

Þótt markmið fjárfestingarleiðarinnar hafi verið göfugt er erfitt að skilja hvernig stjórnendur Seðlabankans hafi ekki áttað sig á hversu ósanngjarnt tæki þetta var til að ná settu markmiði og jafnframt þeim siðferðisbresti sem fólst í framkvæmdinni. Í þessu sambandi skiptir ekki máli þótt Seðlabankinn hafi aðeins verið milliliður á milli fjárfesta og eigenda aflandskróna. Seðlabankinn kynnti hugmyndina, bar ábyrgð á framkvæmdinni og gerði aðstöðumuninn mögulegan. Venjulegt fólk var læst með tekjur sínar inni í gjaldeyrishöftum á sama tíma og efnaðir Íslendingar sem áttu gjaldeyri gátu keypt krónur með afslætti. Þeir högnuðust svo ríkulega eftir losun hafta.

Með fjárfestingarleiðinni ýtti Seðlabankinn enn frekar undir ójöfnuð í íslensku samfélagi og styrkti þannig stoðir þeirrar útbreiddu kenningar að í landinu séu tvær þjóðir. Efnuð forréttindastétt annars vegar og launafólk hins vegar.

**Seðlabankinn kynnti hugmyndina, bar ábyrgð á framkvæmdinni og gerði aðstöðumuninn mögulegan.**

Full búð af nýjum vörum!

Verið velkomin í Verslun Guðsteins, Laugavegi 34

VERSLUN Guðsteins Eyjólfssonar

Síðan 1918

## Halldór




## Frá degi til dags

**Dætur og synir**

**Nokkrir af helstu Facebook-riddurum Íslendinga tóku sig til og opnuðu á umræðu um íslenska nafnahefð í kjölfar grátlegs ósigurs kvennalandsliðsins í knattspyrnu. Er það svo sem ekki í fyrsta sinn sem rætt er um þá hefð að merkja treyjur íþróttamanna með föður-, eða jafnvel móðurnafni, leikmanna.**

**Þó finnst pistlahöfundi mikilvægt að haldið sé áfram að benda á þessi furðulegheit. Þótt það geti vissulega þótt flott að vera með herferð á borð við #dóttir þá heita leikmenn sínum eigin nöfnum sem sjálfsagt er að einkenna þá með. Þannig heitir landsliðsfyrirliðinn Sara Björk en er Gunnarsdóttir. Svo ekki sé á það minnst að #dóttir mismunar eiginlega leikmönnum á borð við Elínu Mettu Jensen.**

**267**

**Lögreglan á Suðurlandi greindi frá því í gær að 267 ökumenn hafi verið staðnir að umferðarlagabrotum það sem af er mánuðinum. Það er dálítið mikið. Alls hafa 924 verið staðnir að brotum frá því um miðjan maí sem er aukning frá því í fyrra. Þar af voru Íslendingar um fjörutíu prósent.**

**Spurning er hvort það þurfi annaðhvort að endurskoða umferðarlög, þar sem stór hluti vegfarenda hundsar hluta þeirra, eða ökukennslu, jafnt hérlendis sem erlendis.**

**thorgnyr@frettabladid.is**

# Má fjármálaráðherra hafna krónunni?



**Benedikt Jóhannesson**
fjármálaráðherra

Íslenska krónan er óútreiknanleg eins og glöggt hefur komið fram undanfarna daga. Örlitlar breytingar í utanríkisverslun og gjaldeyrisflæði geta haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar á hag fyrirtækja og almennings.

Sterk króna ógnar nú afkomu fyrirtækja sem græddu vel á veikri krónu fyrir fáeinum misserum. Störf í nýsköpun og þekkingariðnaði, sem áttu að tryggja fjölbreytni atvinnulífsins, streyma úr landi á ný. Krónan er hemill á heilbrigð viðskipti.

Við almenningi blasir ólík mynd. Eftir hrunið var krónan lítils virði og kaupmáttur dvínaði. Nú er öldin önnur. Krónan hefur náð sömu hæðum og fyrir hrun og það er lítið mál að skjótast á fjarlæg heimshorn. Kaupmáttur hefur aukist mikið á Íslandi að undanförnu og verkefni næstu missera er að varðveita hann. Krónan leiðir til óstöðugleika, býr til sveiflur sem leiða til óábyrgra fjárfestingarákvarðana og óstöðugs kaupmáttar. Vextir eru og verða mun hærri á Íslandi en í viðmiðunarlöndum vegna óstöðugleika krónunnar. Þetta er ósanngjarnt og leiðir til óþarfa átaka í samfélaginu .

Viðreisn var stofnuð til þess að stuðla að sátt og stöðugleika. Slíkur stöðugleiki næst aldrei nema með stöðugum gjaldmiðli sem stendur undir nafni og býður upp á svipaða vexti og í nágrannalöndum. Viðreisn bendir á myntráð til þess að festa gengi krónunnar. Mörg Evrópuríki hafa nýtt slíka lausn í áratugi, flest sem áfanga í því að taka upp evru. Eftir hrun töldu sumir krónuvinir að það tæki Íslendinga áratugi að uppfylla skilyrðin fyrir upptöku evru. Eina skilyrðið sem við föllum á núna er of háir vextir.

En má fjármálaráðherra hafna krónunni? Fjármálaráðherrar í nítján Evrópulöndum hafa þegar hafnað sínum miðli fyrir evruna. Enn fleiri nýta sér evruna án beinnar aðildar eða tengja gjaldmiðil sinn beint við evru. Já, fjármálaráðherra ber skylda til að leggja til þann kost sem er farsælastur fyrir Íslendinga.

Nú er tíminn til þess að ýta gömlum kreddum til hliðar og þora að marka leið stöðugleika þar sem hagsmunir almennings og fyrirtækja fara saman. Viðreisn velur stöðugleikann, en til þess að öðlast hann þurfum við öll að vera óhrædd við breytingar eins fljótt og hægt er.

**Krónan leiðir til óstöðugleika, býr til sveiflur sem leiða til óábyrgra fjárfestingarákvarðana og óstöðugs kaupmáttar.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,**
*ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson
*magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Ítalía er ráðgáta

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Ítalía er eins og listasafn. Nei, ég ætla að byrja aftur: Ítalía er listasafn. Fegurðin er ekki bundin við Feneyjar og Róm, heldur prýðir hún landið nánast allt frá norðri til suðurs, sveit og borg og einnig eyjarnar, þ. á m. Sardiníu og Sikiley. Náttúrufegurð, fagrar byggingar og listaverk frá ýmsum tímum mynda órofa heild.

Mig rámar í frásögn af fundi hagfræðinga á Ítalíu fyrir 30-40 árum þar sem áhyggjufullir heimamenn lýstu litlili trú á efnahagsframför landsins fyrir erlendum gestum eftir rífandi gang efnahagslífsins frá stríðslokum fram yfir 1970. Þá sagði bandaríski hagfræðingurinn John Kenneth Galbraith: Herðið upp hugann. Lítið í kringum ykkur. Ítalar hafa fáheyrt fegurðarskyn sem mun nýtast nútímanum, t.d. í fatahönnun og ferðamennsku. Galbraith reyndist sannspár.



### Skin og skúrir

Saga Ítalíu vitnar um mikil afrek á mörgum sviðum, allar götur frá Rómaveldi fram á okkar daga. Róm var stærsta borg heims í 500 ár, frá 100 f.kr. til 400 e.kr. þegar Istanbúl eins og hún heitir nú óx Róm yfir höfuð. Við tóku myrkar miðaldir. Endurreisnin hófst á Ítalíu á 14. öld og barst þaðan til annarra Evrópulanda, þ.m.t. upprisa vísindanna gegn kreddum kirkjunnar. Bókmenntir, listir og vísindi voru öldum saman hryggjarstykkið í ítalskri menningu. Stjórnmál sátu á hakanum. Ítalía náði þó að sameinast undir einni stjórn 1861, tíu árum á undan Þýzkalandi.

Í fyrri heimsstyrjöldinni 1914-1918 börðust Ítalar með bandamönnum (Bretum, Frökkum og Rússum), en þeir náðu litlum árangri og máttu þola mikið mannfall. Þótt þeir hefðu skipað sér í sveit með sigurvegurunum voru Ítalar niðurlútir að loknu stríði líkt og Þjóðverjar. Þar liggur hluti skýringarinnar á uppgangi fasista á Ítalíu eftir fyrra stríð og bandalagi þeirra við þýzka nasista.

> **Þjóðartekjur á mann voru svipaðar á Ítalíu og í Þýzkalandi allar götur frá 1970 fram yfir aldamótin 2000.**

Eftir ósigur Þjóðverja og Ítala í síðari heimsstyrjöldinni settu bæði löndin sér nýjar stjórnarskrár, Ítalar 1948 og Þjóðverjar 1949. Endurreisn efnahagslífsins gekk vel og lífskjör bötnuðu hratt í báðum löndum fyrstu áratugina eftir stríð. Þjóðartekjur á mann í löndunum tveim fylgdust að í grófum dráttum fram að aldamótunum 2000. Þýzkaland bjó við stöðugt stjórnarfar en Ítalía skipti um ríkisstjórn á hverju ári eða því sem næst. Nú situr 65. ríkisstjórn Ítalíu frá 1946. Ekki varð séð að óstöðugleiki í ítölskum stjórnmálum stæði viðgangi efnahagslífsins fyrir þrifum. Það kom á óvart.

### Þegar flokkakerfi springur

Þrátt fyrir tíð stjórnarskipti var flokkur Kristilegra demókrata á Ítalíu nær alltaf í ríkisstjórn unz flokkakerfið sprakk af spillingu 1992-1994. Aðeins einn þingflokkur starfar enn undir óbreyttu nafni. Allir hinir flokkarnir voru ýmist leystir upp eða skiptu um nafn. Um skeið sætti meira en helmingur ítalskra þingmanna opinberum ákærum fyrir spillingu. Meira en 400 bæjarstjórnir voru leystar upp vegna spillingar. Margir stjórnmálamenn og viðskiptaforkólfar fengu fangelsisdóma.

Það var í þessu ástandi að auðjöfurinn Silvio Berlusconi sem áður hafði sungið dægurlög m.a. á súlustöðum stofnaði nýjan flokk og bauð sig fram til þings 1994, sumir segja til að komast í aðstöðu til að vernda sjálfan sig og fyrirtæki sín fyrir ákæruvaldinu. Berlusconi varð forsætisráðherra og beitti sér sem slíkur og í þinginu gegn ákæruvaldinu. Allt fór á annan endann líkt og í Bandaríkjunum að undanförnu. Berlusconi tókst að bola aðalsaksóknaranum, Antonio Di Petro, úr starfi strax árið eftir, 1995, og hrökklaðist sjálfur sama ár frá völdum sem hann náði síðan aftur 2001 og sat þá til 2006 og aftur 2008-2011. Lítill árangur náðist við landstjórnina þar eð landið logaði í hneykslismálum kringum Berlusconi sem fékk að endingu dóma fyrir að því er virðist lítinn hluta brota sinna.

Landið líður enn fyrir mafíuna sem yfirvöldum tókst að vísu að kveða niður á Sikiley eftir að tveir dómarar þar voru myrtir og eyjarskeggjar sögðu loksins hingað og ekki lengra. Mafían heldur þó áfram að heimta verndarfé af fyrirtækjum á meginlandinu og kveikja í hjá þeim sem neita að borga. Sumt tókst betur, t.d. að halda Ítalíu innan ESB með evrunni og öllu saman.

### Tekjur og langlífi

Þjóðartekjur á mann voru svipaðar á Ítalíu og í Þýzkalandi allar götur frá 1970 fram yfir aldamótin 2000. Þá tók Ítalía að dragast aftur úr Þýzkalandi. Í fyrra, 2016, var kaupmáttur þjóðartekna á mann orðinn næstum fjórðungi minni á Ítalíu en í Þýzkalandi. Kannski óstöðugleiki stjórnmálanna, spillingin og getuleysi nýrra flokka til að gera upp við spillta fortíð hafi dregið úr vaxtargetu ítalsks efnahagslífs eftir allt saman. Hvað sem því líður lifa margir Ítalar býsna góðu lífi í ægifögru umhverfi, einkum í norðanverðu landinu. Ítalar lifa nú að jafnaði lengur en allar aðrar þjóðir heimsins aðrar en Kínverjar í Hong Kong og Japanar skv. tölum Alþjóðabankans.




KRÓNAN
Gott verð!
329
kr. pk.
Plómu-apríkósur 500 g. Spánn
259
kr. pk.
Nektarínur 1 kg. Spánn
#Grillsnilld
KRÓNAN
199
kr. pk.
Paraguayos steinaldin 500 g, Spánn
Tilboðin gilda til 24. júlí. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# KRÓNAN

EINS OG HEIMAGERÐUR
100%
UNGNAUTAHAKK






**399** kr. pk.

Fabrikku kjúklingavængir, HOT eða BBQ

# 100% hamborgara-búðin þín!

90g - 459 kr. pk.
120g - 579 kr. pk.
175g - 859 kr. pk.

★★★

**NÝ AÐFERÐ**
**Betri hamborgari!**

★★★

alltaf 2 stk. í pakka




**499** kr. stk.

Kartöflusalat, 400 g

**Enn betri hamborgarar!**




#Grillsnilld
KRÓNAN




**12 stk. í pakka**

**2199** kr. kg

Fabrikku grísarif

Smáborgarar, brauð, Fabrikkusósa, salt og pipar

**1999** kr. pk.

12 stk. í pakka, 100% hágæða smáborgarar

Tilboðin gilda til 24. júlí. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# KRÓNAN




**2398** kr. kg

Ferskar kjúklingabringur, kryddlegnar.



Úrbeinaður grísahnakki

Gott verð!

**1399** kr. kg

Úrbeinaður grísahnakki, úrval marineringa, Spánn

#Grillsnilld KRÓNAN

Tilboðin gilda til 24. júlí. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# KRÓNAN

**Ódýrt**







**249** kr. stk.

Karamellusósa, 250 ml

**399** kr. pk.

Krónuís, súkkulaði eða vanillu, 2 lítrar

**Ódýrt**










**299** kr. pk.

Gestus vöffluform, 10 stk.

**499** kr. pk.

Krónuís, bragðarefur, 2 lítrar



Sara Björk Gunnarsdóttir talar hér við fjölskyldu og vini sína í stúkunni eftir leikinn á móti Frakklandi. Hún setti met í þessum leik. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Sara Björk stendur nú ein eftir

**Fyrirliði kvennalandsliðsins í fótbolta, er nú eini leikmaður liðsins sem hefur spilað alla leiki stelpnanna okkar á stórmóti. Hún var efnilegur nýliði fyrir átta árum en er nú fyrirliði og besti leikmaður Íslands.**



Tómas Þór Þórðarson
tomas@365.is

**FÓTBOLTI** Þegar að flautað var til leiksloka hjá stelpunum okkar á móti Frakklandi í Tilburg í fyrrakvöld stóð fyrirliðinn Sara Björk Gunnarsdóttir uppi sem eini íslenski leikmaðurinn frá upphafi sem hefur spilað alla leiki kvennalandsliðsins á stórmóti. Sara hefur enn fremur byrjað alla átta leiki liðsins á stórmótum frá því fyrst var spilað við Frakkland á EM 2009.

Sara og herbergisfélagi hennar, Rakel Hönnudóttir, voru þær einu í hópnum sem höfðu komið við sögu í öllum leikjum kvennalandsliðsins á stórmótum. Rakel kom inn á sem varamaður í öllum leikjunum í Finnlandi árið 2009 og spilaði í heildina 46 mínútur en Sara Björk, sem var þá 18 ára, byrjaði alla leikina.

Rakel var komin í mun stærra hlutverk á EM 2013 í Svíþjóð þar sem liðið gerði sér lítið fyrir og komst í átta liða úrslitin áður en það féll úr leik með 4-0 tapi fyrir Sviss. Rakel spilaði hverja einustu mínútu á því móti og á nú 406 mínútur að baki fyrir landsliðið á stórmóti. Hún er í níunda sæti á listanum yfir flestar mínútur spilaðar en Rakel er að jafna sig á meiðslum og var því ekki notuð á móti Frakklandi.

Sara Björk komst í efsta sætið yfir flestar mínútur spilaðar á stórmóti eftir að spila allan leikinn á móti Frakklandi á þriðjudaginn. Hún hefur í heildina spilað 675 mínútur og fór upp fyrir fyrrverandi fyrirliðann Katrínu Jónsdóttur í Tilburg. Sara var tekin út af einu sinni á EM 2009 og einu sinni á EM 2013 en hefur annars alltaf spilað 90 mínútur.

**Nýliði verður leiðtogi**

Hafnfirðingurinn var efnilegur nýliði á stórmóti, aðeins 18 ára, þegar hún spilaði fyrst fyrir Ísland á stórmóti en er núna fyrirliði liðsins og besti leikmaður þess. Hún stendur fremst íslenskra knattspyrnukvenna en hún spilar fyrir WfL Wolfsburg sem er eitt besta lið í heimi og þá var hún tilnefnd á meðal bestu knattspyrnukvenna Evrópu fyrr á árinu.

Svona met er þó eitthvað sem hún er lítið að spá í: „Það nefndi þetta einhver við mig eftir leikinn í gær og ég sagði Söru frá þessu. Hún var bara „Ha?“ Við erum ekkert að pæla í þessu,“ sagði Rakel Hönnudóttir við Fréttablaðið á æfingu liðsins í gær.

Söru fannst tilfinningin eftir leikinn á móti Frakklandi núna en fyrir átta árum allt önnur: „Þetta er allt annað en fyrir átta árum. Maður var svekktur eftir lélega frammistöðu gegn Frakklandi þegar við mættum þeim í Finnlandi en nú labba ég af vellinum stolt. Ég horfði stolt upp í stúku og á leikmennina ótrúlega stolt,“ sagði Sara Björk.



## Flestir leikir fyrir Ísland á EM kvenna

| | |
|---|---|
| 1. Sara Björk Gunnarsdóttir | 8 |
| 2. Dóra María Lárusdóttir | 7 |
| 2. Katrín Jónsdóttir | 7 |
| 2. Margrét Lára Viðarsd. | 7 |
| 2. Rakel Hönnudóttir | 7 |
| 6. Fanndís Friðriksdóttir | 6 |
| 6. Guðbjörg Gunnarsdóttir | 6 |
| 6. Hólmfríður Magnúsdóttir | 6 |
| 6. Ólína G. Viðarsdóttir | 6 |
| 10. Dagný Brynjarsdóttir | 5 |
| 10. Hallbera Guðný Gísladóttir | 5 |
| 10. Harpa Þorsteinsdóttir | 5 |
| 10. Sif Atladóttir | 5 |

## Flestar mínútur fyrir Ísland á EM kvenna

| | |
|---|---|
| 1. Sara Björk Gunnarsd. | 675 |
| 2. Katrín Jónsdóttir | 621 |
| 3. Dóra María Lárusd. | 611 |
| 4. Margrét Lára Viðarsd. | 590 |
| 5. Guðbjörg Gunnarsd. | 540 |
| 6. Hólmfríður Magnúsd. | 520 |
| 7. Hallbera Guðný Gíslad. | 450 |
| 8. Sif Atladóttir | 422 |
| 9. Rakel Hönnudóttir | 406 |
| 10. Dagný Brynjarsdóttir | 397 |
| 11. Ólína G. Viðarsdóttir | 394 |
| 12. Fanndís Friðriksdóttir | 299 |
| 13. Edda Garðarsdóttir | 270 |
| 13. Guðrún S. Gunnarsd. | 270 |
| 15. Glódís Perla Viggósd. | 217 |




## EM 2017

### Frábær herbergisfélagi

Elín Metta Jensen fékk dæmt á sig víti sem gaf Frökkum sigurmarkið í fyrsta leik Íslands á EM. Elín Metta grét eftir leikinn en hún var nýkomin inn á sem varamaður þegar vítið var dæmt. Hún fór ólíkt öðrum leikmönnum íslenska liðsins ekki í viðtöl eftir leikinn en gekk fremst í flokki þegar stelpurnar komu til móts við fjölmiðla í gær. „Það gekk alveg ágætlega að sofna. Ég er með svo frábæran herbergisfélaga. Við náðum aðeins að spjalla saman fyrir svefn og róa hvor aðra niður,“ sagði Elín Metta en Málfríður Erna Sigurðardóttir er með henni í herbergi. „Auðvitað var þetta hundfúlt og það voru miklar tilfinningar í þessu. Þetta er ekkert auðvelt en liðsheildin í þessu liði er bara þannig að við vinnum og töpum saman,“ sagði Elín Metta sem þakkaði liðsfélögum sínum fyrir stuðninginn.



**EM 2017 í Hollandi**

**D-riðill**

**Spánn - Portúgal 2-0**
1-0 Vicky Losada (23.), 2-0 Sampedro (42.).

**England - Skotland 6-0**
1-0 Jodie Taylor (10.), 2-0 Taylor (27.) 3-0 Ellen White (32.), 4-0 Taylor (53.), 5-0 Jordan Nobbs (87.), 6-0 Toni Duggan (90.+4).

**Í dag er spilað í A-riðli**

| | |
|---|---|
| **16.00 Noregur - Belgía** | **Breda** |
| **18.45 Holland - Danmörk** | **Rotterd.** |

### VIÐAR ÖRN OG FÉLAGAR Á KR-VELLINUM Í KVÖLD

Tvö íslensk lið standa í ströngu í Evrópukeppninni í kvöld og hjá báðum er á brattann að sækja. Valur tapaði 2-1 á heimavelli í fyrri leiknum á móti slóvenska liðinu Domzale en KR tapaði 3-1 á útivelli á móti ísraelska liðinu Maccabi Tel Aviv. Viðar Örn Kjartansson skoraði eitt af þremur mörkum Maccabi í fyrri leiknum. Í fyrra hjálpaði Rúnar Már Sigurjónsson svissneska liðinu Grasshopper að slá KR út úr Evrópukeppninni og í kvöld getur Viðar Örn fetað í fótspor félaga síns úr landsliðinu.



## Í dag

| | |
|---|---|
| 19.15 **KR - Maccabi** | KR-völlur |
| 19.15 **Leiknir - HK** | Leiknisvöllur |
| 19.15 **Haukar - Fram** | Ásvellir |
| 19.15 **Fylkir - Grótta** | Fylkisvöllur |
| 08.00 **Opna breska m.m.** | Golfstöð |
| 19.05 **Leiknir R. - HK** | Sport 2 |
| 02.00 **Man Utd - Man. City** | Sport |

# Fólk
## Tíska

FIMMTUDAGUR 20. JÚLÍ 2017




Sirkuslistamaðurinn Daníel Adam Pilkington prjónaði sína fyrstu lopapeysu á dögunum. Hann er að sögn „húkkt“ á prjónaskap.

helgin →4



Helen með dansfélaga sínum, Javier Guiraldi. Skórnir eru allir hennar eigin hönnun en tangókjólinn skapaði kjólahönnuður í Úrúgvæ. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Hugrakkur víkingur í glitrandi tangóskóm

Helen „la Vikinga“ Halldórsdóttir er fumlaus ævintýrakona sem hefur brotið blað í tísku og takti tangós í hjarta hans, Argentínu. Hún býður upp í hinsegin tangó í kvöld. →2



HAUSTVÖRURNAR
*eru komnar!*

ÚTSALAN ENN Í FULLUM GANGI
50-70% afsláttur

comma,
SMÁRALIND

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@365.is



Framhald af forsíðu ➪

Í fyrsta sinn í Argentínu þótti kunningja mínum ég vera hugrökk og þorin. Og þar sem ég var íslensk datt honum í hug að kalla mig „Qué bra la Vikinga“, eða Hugrakka víkinginn. La Vikinga festist fljótt við mig enda mikið um að fólki séu gefin gælu- eða auðkennisnöfn í Argentínu,“ segir Helen Halldórsdóttir, sem fæddist að Stöð í Stöðvarfirði en ólst upp í Reykjavík frá þriggja ára aldri, eða allt þar til hún flutti til Grindavíkur sextán ára. Þar giftist hún ung að árum og eignaðist tvær dætur.

„Ég var orðin ekkja 25 ára og flutti með dæturnar til Svíþjóðar þaðan sem ég útskrifaðist sem félagsmannfræðingur frá Háskólanum í Lundi. Þegar innblásturinn kemur yfir mig er ég líka ljóðskáld. Í skáldskapnum er að finna allt milli himins og jarðar, en vitaskuld mikið um ást, sorg og vináttu,“ segir Helen sem árið 2002 gaf út ljóðabókina Lífið er tangó; ljóð um ástina og lífið.

Líf Helenar hefur einmitt snúist um tangó undanfarin ár.

„Ég held við höfum valið hvort annað; tangóinn og ég. Kannski var hann eitthvað sem ég þurfti á þeim tíma. Tangó kennir manni sitthvað um lífið og til að geta tekið tangó að hjarta sínu þarf maður að tengjast dansfélaganum, tónlistinni, hinum á dansgólfinu og ekki síst sjálfum sér. Það þýðir að maður þarf að vera í núinu; hér og nú, og það er gott fyrir okkur öll. Að virkilega vera og bara vera.“

## Braut blað í hinsegin tangó

Fyrstu kynni Helenar við munúðarfulla dansmenningu tangós má rekja til mekka tangósins í Buenos Aires, höfuðborgar Argentínu, þar sem Helen hefur nú búið í þrettán ár.

„Mig langaði bara allt í einu að flytja til Argentínu og þegar yngri dóttir mín hafði lokið stúdentsprófum lét ég verða af því. Skömmu síðar hafði ég opnað La Vikinga, fyrsta tangóstaðinn minn (s. milonga). Síðan opnaði ég Bien Pulenta, sem var fyrsti reyklausi og „gay-friendly“ tangóstaðurinn í Buenos Aires; sem var vinveittur hinsegin fólki en þó ekki eingöngu hinsegin tangóstaður. Þar á eftir opnaði ég tangóstaðinn Mano o Mano, síðan tangóskólana Escuela La Vikinga og þar á eftir skómerkið La Vikinga Shoes,“ segir Helen sem nú stendur á tímamótum og hefur lokað bæði tangóstöðum sínum og tangóskólum.

„Ég lokaði síðasta tangóstaðnum þegar ég byrjaði að ferðast fyrir alvöru um heiminn til að kenna og sýna tangó en hélt lengi vel áfram að reka tangóskólana. Það er óneitanlega skondið að hafa kennt mörgum Argentínubúanum tangó, og meira að segja í reglulegum einkatímum, en þeim þykir ekkert athugavert við að læra tangó hjá konu frá ísaköldu landi sem kennir þennan eldheita og tilfinningaþrungna dans“, segir Helen og skellir upp úr.



Helen er stórglæsileg, hér í tangókjól sem hún hannaði í samstarfi við argentínska kjólahönnuðinn Florence Darlan í París. MYNDIR/ÚR EINKASAFNI



Tískan í tangó er munúðarfull og skótauið setur oft punktinn yfir i-ið.



Gamaldags kvikmyndastjörnusjarmi einkennir Monroe-hælaskóna.



Regnbogalitir tangóskór úr smiðju Helenar eru tilvaldir í hinsegin tangó.

> Argentínubúum þykir ekkert athugavert við að læra tangó hjá konu frá ísaköldu landi sem kennir þennan eldheita og tilfinningaþrungna dans.
>
> Helen la Vikinga Halldórsdóttir

## Óplanað ævintýralíf

Ástríðufull rómantík svífur yfir vötnum í tangódansi sem fylgir þokkafull tíska.

„Í hefðbundnum tangó klæðist karlmaður jakkafötum, flottri skyrtu og skóm, og konan kvenlegum kjól eða pilsi og háhæla skóm. Tangó á sér þó fjölbreyttari hliðar í dag og á yngri og hinsegin tangóstöðum klæðir fólk sig óhefðbundnar og frjálslegar,“ segir Helen sem hannar sjálf sína tangóskó sem nú eru orðnir þekktir í tangóheiminum undir nafninu La Vikinga Boutique – Design & Quality Shoes. Hefur hún rekið skóbúð í Málmey í hálft annað ár og selur skóna einnig í vefversluninni lavikingaboutique.com.

„Allt sem gerist í lífi mínu er nokkuð óplanað og það gerðist einmitt með skóhönnunina. Hún kom til vegna þess að argentínskir skór eru oftast alltof mjóir fyrir fætur okkar í Norður-Evrópu og Norður-Ameríku. Því byrjaði ég á því að breyta skóm og fá nýja skó gerða fyrir mig og mína nemendur á Skáni og eitt leiddi af öðru. Ég hanna líka suma kjólanna minna í dansinn en góð argentínsk vinkona mín og kjólahönnuður í París, Florence Darlan, hannar flesta kjólana mína, sem og dóttir mín, Svanhildur Aþena.“

Helen er nú stödd á Íslandi en fram undan eru flutningar til Svíþjóðar.

„Litla fjölskyldan mín kallar frá Skáni. Ég á þar dætur og þrjá dætrasyni, einn þrettán ára og fimm mánaða tvíburastráka. Annars er ég laus og liðug og ánægð með lífið og tilveruna. Tangó mun áfram og alltaf vera til staðar í lífi mínu og ég mun áfram ferðast um heiminn til að kenna og sýna tangó, sem og að selja skóna mína sem ég framleiði áfram í Buenos Aires. Ég hef því ekki sagt skilið við Argentínu sem verður alltaf mitt annað heimili.“

Í kvöld klukkan 20 kennir Helen hinsegin tangó í Regnbogasalnum á opnu húsi Samtakanna '78 að Suðurgötu 3. Á eftir verður tangóball þar sem Helen þeytir tangóskífum fyrir gesti. Allir eru hjartanlega velkomnir og ekki er nauðsynlegt að mæta með dansfélaga. Um helgina stendur Helen fyrir helgarnámskeiði í Regnbogasalnum og á mánudagskvöld verður hún með kennslu og ball hjá Tangóævintýrafélaginu á Sólon í Bankastræti.



Helen byrjaði að hanna eigin skólínu þegar hún uppgötvaði að argentínskir tangóskór eru alltof mjóir fyrir fætur Norður-Evrópu og Norður-Ameríkubúa.



Glamúr og kvenlegur yndisþokki stafar af tangóskóm Helen la Vikinga og fást þeir í úrvali fyrir bæði kynin.







ÚTSALA &
LAGERSALA
50%
af öllum fatnaði
og skóm!
hjá Hrafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

# Ekki eitt par af svörtum sokkum

## Daníel Adam Pilkington henti svörtu fötunum úr skápnum. Hann gengur helst í haustlitum og heimatilbúnu og prjónaði sér lopapeysu með hettu.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



Ég ætlaði að fá tengdaömmu til að prjóna handa mér síða lopapeysu með hettu en ákvað svo að henda í þetta sjálfur. Ég hafði prjónað sokka áður og slaufu en þetta er fyrsta peysan sem ég prjóna,“ segir sirkuslistamaðurinn Daníel Adam Pilkington, um síða lopapeysu með hettu sem hann klæðist þessa dagana. Peysuna útfærði hann sjálfur.

„Munstrið heitir Vor, sem ég fann í bók og útfærði á peysu eftir mínu höfði. Ég kann aðeins á snið og hef fengist við búningagerð og með hjálp tengdamömmu kom þetta heim og saman,“ segir Daníel. Það tók hann tvo mánuði að ljúka peysunni og prjónaði hann hverja lausa stund.

„Svo var ég svo heppinn, eða óheppinn, að liggja veikur heima í þrjá daga. Þá náði ég að klára heilmikið. Þetta er ekkert mál ef maður nennir. Smellir bara einhverjum þáttum í gang og svo prjónar maður bara,“ segir hann hress.

**Hendirðu þá ekki í aðra peysu?** „Ég er reyndar hálfnaður með aðra. Byrjaði á henni fyrir tveimur dögum! Þá var ég á næturvakt hjá Sirkus Íslands í tjaldinu á Klambratúni og ákvað að gá hvað ég gæti prjónað hratt. Það er hefðbundnari peysa og ég fylgi uppskrift,“ segir Daníel og viðurkennir að vera orðinn „húkkt“ á prjónaskap.

„Þetta er ótrúlega gaman. Veit bara ekki hvað ég ætla að gera við allar peysurnar. Kannski jólagjafir næstu ára,“ segir hann enda sé slegist um síðu hettupeysuna á heimilinu. „Kærastan mín reynir að yfirtaka peysuna. En hún nær henni alveg niður á tær. Ætli ég verði ekki að henda í eina fyrir hana.“

**Spáirðu mikið í föt?** „Ég tel mig nokkuð tískumeðvitaðan mann þótt mér finnist ég ekki vera með neinn ákveðinn stíl. Ég fæ yfirleitt þá lýsingu frá mömmu að ég sé eins og „medallion man“, einhver gæi úti á götuhorni í Marokkó að selja fólki eitthvað. Þegar ég sat og prjónaði á næturvaktinni í sirkustjaldinu var ég í hettupeysunni, ullarsokkum sem ég prjónaði sjálfur, buxum sem ég saumaði mér og með trefil sem tengdamamma hafði heklað á mig. Mjög heimatilbúið átfitt. Mér finnst skemmtilegt að fara „all in“ og vil til dæmis vera gæinn sem mætir í vandræðalega vönduðum búningi í hrekkjavökupartíið. Ég pæli mikið í litasamsetningum og nota oftast heita liti þegar ég vel mér föt. Þeir henta mínu litarhafti. En svo reyni ég að henda inn einhverju óvæntu, ef ég er í miklu rauðu hendi ég inn bláum buxum á móti. Það er líklega sirkusinn sem dregur það fram, að vera aðeins öðruvísi, aðeins furðulegur,“ segir Daníel. Hann vilji skera sig úr og fullyrðir að það sé ekki eina einustu svarta flík að finna í fataskápnum hans. Ekki lengur.

„Ég á ekki einu sinni svarta sokka! Ég var þessi týpíski Íslendingur sem gekk bara í svörtu en fyrir fjórum árum tók ég mig til og henti öllum svörtum flíkum úr fataskápnum. Ég hafði grennst um 40 kíló og var öruggari með sjálfan mig og þorði að sýna mig meira. Ég man hvað ég var hræddur samt þegar ég keypti mér brúnar buxur í fyrsta sinn. Það var erfitt að koma mér út úr svarta stílnum en ég bara ákvað að vera ekki sá gæi. Nú er ég kominn lengra með þetta, í heimagerð föt sem er enn þá furðulegra,“ segir hann hlæjandi. „Það er skemmtilegra að vera í einhverju sem maður veit að fáir aðrir eiga en að vera bara í svartri peysu úr H&M.“



Daníel Adam Pilkington prjónaði sér forláta lopapeysu sem hann fer helst ekki úr þessa dagana. myndir/Laufey Elíasdóttir

> Mér finnst skemmtilegt að fara „all in“ og vil til dæmis vera gæinn sem mætir í vandræðalega vönduðum búningi í hrekkjavökupartíið.



Daníel tálgaði tölurnar á peysuna.




„Það er líklega sirkusinn sem dregur það fram, að vera aðeins öðruvísi.“









# VIKTOR&ROLF KYNNING

## Í LYFJUM & HEILSU KRINGLUNNI

### FIMMTUDAG TIL SUNNUDAGS




**NÝTT**

FLOWERBOMB
BLOOM EDT.

LÍKT OG FERSK
SPRENGJA
ILMANDI BLÓMA
Í ÁVAXTAGARÐI.

VIKTOR & ROLF KAUPAUKI FYLGIR MEÐ ÖLLUM KEYPTUM ILMUM.

**20% AFSLÁTTUR** AF VIKTOR & ROLF Á KYNNINGUNNI










# 137 sinnum á forsíðu Vogue

**Gisele Caroline Bündchen á 37 ára afmæli í dag. Hún er ein þekktasta fyrirsæta heims og hefur prýtt meira en 1.200 tímaritaforsíður. Gisele hefur getið sér gott orð fyrir kvikmyndaleik og mannúðarmál eru henni hugleikin.**

Gisele Caroline er fædd í borginni Horizontina í Brasilíu þann 20. júlí 1980. Hún vakti fyrst athygli innan tískuheimsins seint á níunda áratugnum þegar brasilískar konur fóru að láta að sér kveða á þessu sviði. Gisele er ein þeirra sem áttu strax mikilli velgengni að fagna og skaust hratt upp á stjörnuhimininn. Á þeim tíma voru hraustlegar fyrirsætur með heilbrigt útlit ekki sérlega eftirsóttar en Gisele breytti því og var talað um að hún hefði komið kynþokkanum aftur í tísku.

Þegar Gisele Bündchen ákvað að gefa sýningarpöllunum frí í apríl í fyrra og snúa sér að öðru hafði hún verið ein hæst launaða fyrirsæta í heimi um árabil. Hún er enn á meðal ríkustu kvenna í afþreyingariðnaðinum og tímaritið Forbes hefur valið hana sem eina af áhrifamestu konum í heimi. Þótt Gisele þyki ein fegursta kona heims hefur hún sagt að hún sé ekki fræg fyrir útlitið heldur góðan persónuleika.

**» Gisele hefur prýtt meira en 1.200 forsíður tímarita um allan heim. Hún er í eftirlæti hjá Vogue og hefur verið 14 sinnum á forsíðu bresku útgáfunnar.**



Gisele var í þessum fagra síðkjól við opnun sýningar í Metropolitan listasafninu í New York.

### Gallabuxur í uppáhaldi

Fatastíll Gisele er fremur einfaldur og hún sést ósjaldan í níðurþröngum, síðum gallabuxum og flottum toppi eða peysu við og stór taska setur svo punktinn yfir i-ið. Þegar hún kemur fram opinberlega er hún oft í smart buxnadragt eða síðum kjólum, með látlausa förðun. Gisele er hreystin uppmáluð og svo virðist sem öll föt fari henni vel.

### 1.200 sinnum á forsíðunni

Gisele hefur prýtt meira en 1.200 forsíður tímarita um allan heim. Hún er í miklu eftirlæti hjá Vogue og hefur verið á forsíðu tímaritsins alls 137 sinnum en þá eru meðtaldar útgáfur þess um heim allan. Hún hefur fjórtán sinnum verið á forsíðu bresku útgáfunnar og ellefu sinnum á þeirri amerísku en fátt þykir toppa það að prýða forsíðu Vogue. Gisele var lengi vel ein af aðalsýningarstúlkum Victoria's Secret en hún hefur einnig unnið fyrir hátískumerki á borð við Marc Jacobs, Mikael Kors, Dior, Valentino, Versace og Dolce & Gabbana.

Kvikmyndaferill Gisele hófst þegar hún lék í Taxi en hún var tilnefnd til nokkurra verðlauna fyrir hlutverk sitt í þeirri mynd. Hún lék einnig í The Devil Wears Prada og hefur auk þess verið með eigin þætti sem snúast um umhverfismál og heita Gisele & the Green Team.

Árið 2009 giftist Gisele Tom Brady og þau hjónin eiga tvö börn. Þau hafa styrkt góð málefni af mikilli rausn, svo sem Rauða krossinn og Lækna án landamæra.



Síðar buxur og jakki við eru uppáhaldi hjá Gisele.




## SÓLARVÖRNIN SEM HÚÐLÆKNAR MÆLA MEÐ

**Viðbætt kollagen, silkiextrakt, C- og E-vítamín til að fyrirbyggja húðöldrun og lagfæra sólskaða.**

- Verndar húðina sem verður fallega brún, mjúk og rakafyllt.
- Ofnæmisprófað, reynist vel gegn sólarexemi og sólarofnæmi.
- Vörn gegn UVB geislum sem brenna og UVA geislum sem valda húðskemmdum.
- Ekkert klístur og smitar ekki í fatnað, gott í hársvörðinn, bakteríuheldar umbúðir.
- Engin umhverfis- eða hormónatruflandi efni, engar nanóeindir, ilm- eða litarefni.

**Grunnformúlan er læknisfræðilega skráð**

Yfir 90% UVA vörn.

BÄST-i-TEST.se

Evy fæst í Apótekum, Hagkaup, Nettó, Fjarðarkaup, Melabúðinni, Græn heilsa, Fríhöfninni og víðar | nánar á evy.is

**BÍLAHÖLLIN**
**S: 567-4949**



TOYOTA Yaris 1.3 orange. Árgerð 2017, ekinn 2 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.690.000. Rnr.151849.



OPEL Astra sport tourer 1,4 diesel. Árgerð 2015, ekinn 66 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. TILBOÐSVERÐ 1.990.000. Rnr.151882.



HONDA Accord elegance diesel. Árgerð 2013, ekinn 62 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.TILBOÐSVERÐ 2.990.000. Ásett verð 3.390.000.- Rnr.288634.

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

**SUZUKI**



Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

## Vinnuvélar



Til sölu Bobcat 3571 Skótbómulyftari árg 2005 notkun 3900 tímar Skófla og gaflar fylgja skoðaður 2018 verð. 3.5 + vsk uppl.s.8920566

**BÍLA GALLERÍ**



**TILBOÐ 5.490!!**
AUDI Q7 4x4 S Line. Árgerð 2011, ekinn 79 Þ.KM, Disel, Umboðsbíll, sjálfskiptur. leður ofl ofl. Tilboðsverð 5.490 þ. Sjá Raðnr.110682 á bilagalleri.is

**Bílagallerí bílasala**
**Hlíðasmári 13, 201 Kópavogur**
**Sími: 554 6700**
**www.bílagalleri.is**

## Bílar til sölu

**Golfbíll til sölu**



**Þessi fallegi golfbíll til sölu - Verð 290. Þús.**
**S. 893 3393 - Gunnsteinn**

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Hjólbarðar

**VAKA**



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699 6069 663 5315

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**www.toyotakauptuni.is**

**Westfalia dráttarbeisli fyrir flestar gerðir bíla**



WESTFALIA

**Toyota Kauptúni**
**Kauptúni 6**
**Sími: 570 5070**
info@toyota.is

Opið mán - fös: 07.45 - 18.00
Laugardaga: 12.00 - 16.00



**HONDA**
**CR-V Elegance dísil**
Nýskráður 2/2016, ekinn 33 þús.km., dísil, 6 gírar.
**Verð kr. 4.990.000**



**HONDA**
**CR-V Executive**
Nýskráður 5/2016, ekinn 25 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 5.490.000**



**BÍLL DAGSINS**
**HONDA Jazz**
Nýskráður 6/2004, ekinn 149 þús.km., bensín, 5 gírar.
**Bíll dagsins kr. 590.000**



**VOLKSWAGEN**
**Up!**
Nýskráður 8/2015, ekinn 28 þús.km., bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 1.390.000**



**HONDA**
**Jazz**
Nýskráður 6/2014, ekinn 22 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.190.000**



**PEUGEOT**
**308SW Active**
Nýskráður 2/2016, ekinn 23 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.690.000**



**TOYOTA**
**Rav4**
Nýskráður 10/2007, ekinn 90 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.790.000**



**HONDA**
**CR-V Elegance**
Nýskráður 7/2007, ekinn 167 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.890.000**



**HYUNDAI**
**I10 GL**
Nýskráður 5/2012, ekinn 83 þús.km., bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 890.000**

**Lykill** fjármögnun

**Opnunartími**
**Mánudaga - föstudaga milli kl. 10:00 og 18:00**
**Lokað laugardaga í sumar.**

**BERNHARD**
**NOTAÐIR BÍLAR**
**Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is**

Tilboðsverð miðast við bein kaup og enga uppítöku, fjölbreytt lánakjör í boði.

## Til sölu nýtt 2017 Hobby 720 UKFE PRESTIGE




Stórglæsilegt hjólhýsi tilbúið til skráningar með öllum þeim aukahlutum sem í boði eru frá Hobby, m.a. Alde hitakerfi, 5m Markísa, Gólfhiti, Bakarofn, Örbylgjuofn, Ísskápur í fullri stærð, Hobby connect bluetooth, Útvarp og Hátalarar, Álfelgur, Hjólagrind, ofl. ofl. Tveir borðkrókar og svefnpláss fyrir allt að 7 manns. Til sýnis í dag og næstu daga.
**Verð kr. 5.990.000.**

**Allar upplýsingar veittar í síma 8921931 eða á Toppbílum í síma 587-2000**

## Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á

**www.talentradning.is**

talent@talentradning.is
bryndis@talentradning.is
**Sími: 552-1600**

TALENT RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF


### Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

### Önnur þjónusta



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**
Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.
**Tímapantanir í síma 864-1273**

## Skólar & Námskeið

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Keypt & Selt

### Til sölu

HUMARSALAN

SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI
Heimsending. www.humarsalan.is
Pöntunarsími: 8676677

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Tómstundir & Ferðir

### Fyrir veiðimenn

ORVIS
Encounter vöðlur



kr. 27,900

**Góðar vöðlur á góðu verði**
Fóðraðir vasar fyrir hendur
Renndur netvasi
Áfastar malarhlífar
Lykkjur fyrir belti Belti fylgir
Sokkur mótaður fyrir fótinn
Vesturröst
Laugaveg 178 - sími: 551 6770 - www.vesturrost.is




2 Laga Jaxon vöðlujakki með útöndun, góða vatnsheldni ,góða hettu ,stroff á ermun og flísklædda vasa. Lang besta verðið 15.900 kr. Veiðiportið Grandagarði 3 s.552-9940

## Atvinna

### Atvinna í boði

Bakarameistarinn

**BAKARAMEISTARINN SUÐURVERI**

Bakarameistarinn Kaffihús Suðurveri, Flatahrauni, Bíldshöfða og Smáratorgi leita að öflugum liðsmönnum Um er að ræða ótímabundið 100% starf frá byrjun Ágúst, frábær vinnutími í boði: 6-14 / 7-15 / 9-15 og 9-17 Starfslýsing: Þjónusta við viðskiptavini, áfylling, þrif,Bakstur og kaffigerð. Einnig eru laus hlutastörf sem henta vel fyrir skólafólk. Rík þjónustulund og vönduð framkoma Góð samskipta og samstarfshæfni Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum Jákvæðni og vilji til að takast á við fjölbreytt verkefni. Gott vald á íslensku er æskilegt.

**Áhugasamir umsækjendur geta sótt um á heimasíðu okkar: bakarameistarinn.is**

## Húsnæði

### Húsnæði óskast

Hjón 60-70 ára óska eftir 3ja herb íbúð ekki jarðhæð helst í Breiðholti ekki skilyrði engöngu langtímaleiga. Uppl. S 869 1657

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

### Hönnun

HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com




GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar


# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407


- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

EYJALIND
**Gúmmíbelti**
- Fyrir smágröfur



Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

**Geymsluskúrar /gestahús til sölu**



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

viftur.is
Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir
íshúsið
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist
Parketlagnir og viðhald


Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

# Opið hús að Holtsvegi 8-12 fimmtudaginn 20. júlí kl. 17.00-17.30

**Glæsilegar 3ja til 4ra herbergja íbúðir á einstökum stað í Urriðaholti**



## UPPHAF FASTEIGNAFÉLAG

Upphaf fasteignafélag slhf. er alhliða fjárfestir á íbúðamarkaði sem tekur þátt í verkefnum á öllum stigum byggingarferilsins. Markmið félagsins er að byggja næstu árin allt að 200 til 250 hagkvæmar íbúðir á ári, sem eru ætlaðar litlum og meðalstórum fjölskyldum. Íbúðirnar eru ýmist ætlaðar til útleigu eða sölu. Verkefnin eru unnin fyrir félagið af fjölmörgum byggingarverktökum. Félagið vinnur einnig að þróunarverkefnum lóða og svæða, endurbótum og breytingum á eldra húsnæði.

Upphaf er með um 900 íbúðir í þróun, byggingu, sölu eða leigu á höfuðborgarsvæðinu öllu. Heimasíða félagsins er www.upphaf.is og síminn er 519 3300.

Upphaf FASTEIGNAFÉLAG

Framtíðin

## INNANHÚSSHÖNNUN



Helga Sigurbjarnadóttir innanhússarkitekt FHI
og Berglind Berndsen innanhússarkitekt FHI

Grunnhugmynd hönnunarinnar á Holtsvegi er einfaldleiki og tímaleysi. Áhersla er lögð á gott samband á milli alls skipulags og innra fyrirkomulags, efnisáferða og lita í íbúðunum sem skipti miklu máli í allri upplifuninni og stemmningunni. Lagt er upp úr að skapa aðlaðandi og hlýlega stemmningu með fallegum jarðlitum og efnum sem endast vel og er því dökkur viður allsráðandi í innréttingum ásamt ljósum steini sem gerir íbúðirnar einstaklega notalegar og hlýlegar.

## 90% FJÁRMÖGNUN

Húsnæðislán Framtíðarinnar eru verðtryggð viðbótarlán sem henta vel sem viðbót við lán frá lífeyrissjóði eða banka og því er um 90% fjármögnun að ræða. Lánin má greiða með jöfnum greiðslum eða jöfnum afborgunum og eru með allt að 25 ára endurgreiðslutímabili. Á vefsíðunni www.holtsvegur.is er hægt að nálgast sérstaka reiknivél fyrir Húsnæðislán Framtíðarinnar ásamt nánari upplýsingum.




VHE ehf.

ARKÍS arkitektar

## ALLAR UPPLÝSINGAR VEITA

**Gunnar Sverrir Harðarson**
Nemi í löggildingu
Sími 862 2001
gunnar@remax.is

**Ástþór Reynir Guðmundsson**
Löggiltur fasteignasali
Sími 899 6753
arg@remax.is

RE/MAX Senter



# Opið hús að Hrólfsskálamel fimmtudaginn 20 júlí kl. 18.00-18.30

## Nýjar, stórglæsilegar útsýnisíbúðir á Seltjarnarnesi





**ÍBÚÐ 405** - Fimm herbergja íbúð á fjórðu hæð
**Verð: 145.000.000 kr.**

**ÍBÚÐ 501**- Fimm herbergja íbúð á fimmtu hæð
**Verð: 198.000.000 kr.**















## UPPHAF FASTEIGNAFÉLAG

Upphaf fasteignafélag slhf. er alhliða fjárfestir á íbúðamarkaði sem tekur þátt í verkefnum á öllum stigum byggingarferilsins. Markmið félagsins er að byggja næstu árin allt að 200 til 250 hagkvæmar íbúðir á ári, sem eru ætlaðar litlum og meðalstórum fjölskyldum. Íbúðirnar eru ýmist ætlaðar til útleigu eða sölu. Verkefnin eru unnin fyrir félagið af fjölmörgum byggingarverktökum. Félagið vinnur einnig að þróunarverkefnum lóða og svæða, endurbótum og breytingum á eldra húsnæði.

Upphaf
FASTEIGNAFÉLAG

Upphaf er með um 1500 íbúðir í þróun, byggingu, sölu eða leigu á höfuðborgarsvæðinu öllu. Heimasíða félagsins er www.upphaf.is og síminn er 519 3300.

## ALLAR UPPLÝSINGAR VEITA

**Gunnar Sverrir Harðarson**
Löggiltur fasteignasali
Sími 862 2001
gunnar@remax.is

**Ástþór Reynir Guðmundsson**
Löggiltur fasteignasali
Sími 899 6753
arg@remax.is

RE/MAX
Senter



## Atvinna


SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR

ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN, MÚRARA OG PÍPARA SEM ERU KLÁRIR Í VINNU.

HANDAFL EHF
STARFSMANNAÞJÓNUSTA
S. 777 2 333



# STÖRF Í BOÐI

Múrarar, smiðir, vélvirkjar og almennir verkamenn

EININGAVERKSMIÐJAN

Við hjá Einingaverksmiðjunni óskum eftir umsóknum um framtíðarstörf hjá fyrirtækinu. Múrarar, smiðir, vélvirkjar og almennir verkamenn eru hvattir til að sækja um.

Umsóknir óskast sendar á svanur@ev.is
Nánari upplýsingar fást á skrifstofu í síma 414 8770

Einingaverkmiðjan var stofnuð árið 1994. Frá upphafi hefur fyrirtækið framleitt forsteyptar einingar til húsbygginga. Innan fyrirtækisins hefur skapast gríðarleg sérþekking og verkkunnátta í áranna rás. Við höfum á að skipa öflugum tækjabúnaði og afar fullkominni verksmiðju. Frá árinu 2008 höfum við einnig rekið verksmiðju í Færeyjum eftir að hafa flutt forsteyptar einingar þangað í allmörg ár.


## Tilkynningar

### Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Kópavogi

**Austurkór 127. Breytt deiliskipulag.**

Bæjarstjórn Kópavogs hefur samþykkt í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir Austurkór 127. Í breytingunni felst að í stað einbýlishúss á tveimur hæðum verði á lóðinni heimilt að reisa parhús á einni hæð með innbyggðum bílageymslum, alls 330 m2 að flatarmáli. Byggingarreitur stækkar til norðurs, austurs og suðurs um alls 80 m2. Gert er ráð fyrir fjórum bílastæðum á lóðinni. Aðrir skilmálar haldast óbreyttir.

Ofangreind tillaga verður til sýnis á skipulags- og byggingardeild Umhverfissviðs Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8:30 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:30 til 15:00, frá og með 21. júlí 2017. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega skipulags- og byggingardeild Umhverfissviðs, Fannborg 6, 200 Kópavogi eða á skipulag@kopavogur.is eigi síðar en kl. 15:00 mánudaginn 4. september 2017.

Skipulagsstjóri Kópavogs.

## Fasteignir


Ástún 2



OPIÐ HÚS
fimmtudaginn 20.júlí kl.17:30-18:00

64 fm íbúðarfermetrar
Sérgeymsla í kjallara
Falleg íbúð á 3ju hæð



Jason Kristinn Ólafsson
löggiltur fasteignasali
sími: 775 1515
jassi@miklaborg.is

Verð: 33,9 millj.

FASTEIGNASALAN MIKLABORG 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -



Sérfræðingar í ráðningum

Ánægðir viðskiptavinir eru okkar besta auglýsing



FAST Ráðningar
lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is
www.fastradningar.is



Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is













Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

HÚSASMIÐJAN

blómaval

Okkar stærsta

# SUMARÚ




# 20-50%

## AFSLÁTTUR

Sumarblóm 50% · Tré og runnar 50% · Fjölærar plöntur 50% · Matjurtir 50% · Garðarósir 50% · Útipottar 30% · Garðstyttur 30% · Fræ og sáðbakkar 30% · Silkisumarblóm 30% · Vökvunarkönnur 30% · Úðabrúsar 30% · Sláttuvélar 20% Garðverkfæri 25% · Hekkklippur 30% · Keðjusagir 30% · Vermireitir og blómakassar 20% · Háþrýstidælur 20% · Áltröppur og stigar 30% · Rafmagnsverkfæri Black&Decker 30% Reiðjól og fylgihlutir 30% · Garðhúsgögn 30% · Úðarar, slönguhjól og tengi 30% · True North Útivistafatnaður 50% · Pallaolía 25% · Viðarvörn 25% · Innimálning 25% · Útimálning 25% · Vegg- og loftaþiljur 25% · Leikföng 30% · Búsáhöld 25% · BroilKing grill 20% · Grill fylgihlutir, Broil King, GrillPro 30% · Electrolux smáraftæki 20% · Verkfæratöskur 35% · Ferðavörur 25% og margt fleira

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

**Byggjum á betra verði**

# sumarútsala frá upphafi er í fullum gangi

# ÚTSALAN

**50% afsláttur**

Öll sumarblóm og trjáplöntur

**ENN MEIRI AFSLÁTTUR**

Öll JOTUN pallaolía, viðarvörn og málning blöndum alla liti

**25% afsláttur**

Ferðavörur

**25% afsláttur**

BLACK & DECKER

**30% afsláttur**

af **ÖLLUM** rafmagnsverkfærum frá Black&Decker

Áltröppur og stigar

**30% afsláttur**

Útipottar og garðstyttur

**30% afsláttur**

Garðhúsgögn

**30% afsláttur**

**FRÍ HEIMSENDING Í VEFVERSLUN HUSA.IS**

EF VERSLAÐ ER FYRIR 5.990 KR. EÐA MEIRA

FRÉTTABLAÐIÐ

# TÍMAMÓT

20. JÚLÍ 2017 FIMMTUDAGUR



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

**Steinunn Ó. Lárusdóttir Steinsen**

lést á Sólvangi í Hafnarfirði
síðastliðinn mánudag.
Hún verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju, föstudaginn 28. júlí kl. 13.00. Við viljum koma á framfæri sérstökum þökkum til Guðlaugar og starfsfólks hennar á Sólvangi fyrir hlýhug og einstaklega góða umönnun.

**Kristín Lilja Steinsen** — **Helmut Schuehlen**
**Vera Ósk Steinsen**
**Halldór Steinn Steinsen** — **Þóra Brynjúlfsdóttir**
**Rut Steinsen** — **Ingvar Guðmundsson**
**og barnabörn.**



Ástkær sambýlismaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Ólafur H. Torfason**

lést á hjúkrunarheimilinu
Droplaugarstöðum 17. júlí síðastliðinn.
Útför hans fer fram frá Kristskirkju,
Landakoti, föstudaginn 21. júlí kl. 13.

**Sigríður Dóra Jóhannsdóttir**
**Melkorka Tekla Ólafsdóttir** — **Kristján Þórður Hrafnsson**
**Torfi Frans Ólafsson** — **Bryndís Ísfold Hlöðversd.**
**Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir** — **Francisco Javier Jáuregui**
**og barnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðjón Gísli Ebbi Sigtryggsson**
skipstjóri,

lést að morgni sunnudagsins 16. júlí.
Útför hans fer fram frá Lindakirkju
mánudaginn 31. júlí kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarsjóð Karitas, heimahlynningar.

**Halldóra Kristín Þorláksdóttir**
**Gylfi Guðbjörn Guðjónsson** — **Þorbjörg Magnúsdóttir**
**Guðjón Guðjónsson** — **Guðrún Soffía Pétursdóttir**
**Hjálmfríður Guðjónsdóttir** — **Sævar Berg Ólafsson**
**Bryndís Björk Guðjónsdóttir** — **Gunnar Þór Gunnarsson**
**Anna Dröfn Guðjónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Þökkum öllum þeim sem sýndu okkur
samúð og vinarhug vegna andláts
og útfarar okkar ástkæra

**Björgvins J. Jóhannssonar**
Háaleitisbraut 37, Reykjavík.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Sigríður Þórsdóttir**



Okkar ástkæra

**Sigríður Jóhanna Sigurðardóttir**
Skálahlíð 13, Mosfellsbæ,

lést á Landspítalanum við Hringbraut
miðvikudaginn 12. júlí.
Útförin fer fram frá Kópavogskirkju
þriðjudaginn 25. júlí kl. 13.00.

**Ásthildur Sigurðardóttir**
**Snorri Sigurðsson** — **Sjöfn Friðriksdóttir**
**Jón Sigurðsson**
**Arndís Sigurðardóttir** — **Benóný Benónýsson**
**og frændsystkini.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



**Flestar myndir Sigurþórs eru olíumálverk.** MYND/OLIVER DEVANEY

# Alltaf leitað í minningar

**Listamaðurinn Sigurþór Jakobsson hefur sett upp málverkasýningu að Vesturgötu 7 í Reykjavík í tilefni 75 ára afmælis. Sýningin teygir sig frá anddyri upp á efstu hæð.**

Gluggi minninganna nefnir Sigurþór Jakobsson listmálari sýningu sem hann heldur í tilefni 75 ára afmælis síns. Afmælið brestur reyndar ekki á fyrr en eftir mánuð en sýningin lifir fram yfir það. Hún er að Vesturgötu 7 (í húsi Heilsugæslu Miðborgar) og verður opnuð nú á laugardaginn klukkan 14.

„Ég hef alltaf leitað í minningar þegar ég mála,“ segir Sigurþór. „Bjó í Vesturbænum sem krakki og myndirnar á sýningunni tengjast honum. Bý hér í húsinu og fékk leyfi hússtjórnar til að sýna hér, það er ekkert vanalegt en hér eru góðir veggir og mikið pláss í anddyrinu, hátt til lofts og falleg birta. Svo eru tvö stór verk á efstu hæð.“

Sautján ára hóf Sigurþór nám í Myndlistarskóla Reykjavíkur. „Ég var á kvöldnámskeiðum í fjögur ár en lærði líka setningu í Gutenberg. Svo fór ég til London á Bítlatímanum, stúderaði myndlist, spilaði fótbolta með áhugamannaliði og djammaði. Ég frétti nýlega að skyldleiki væri milli mín og Sigurðar málara. „Það er svolítið fyndið að Sigurður fór út til náms og var styrktur af föður sínum sem þó var á móti því að sonurinn yrði listamaður heldur vildi að hann lærði handverk sem hann gæti lifað af. Ég var á styrk hjá föður mínum í London og hann var heldur ekki hrifinn af listastússinu. Pabbi sá mig fyrir sér síðhærðan gaur með skegg. Sjálfur hafði hann kynnst kreppunni en var orðinn vélstjóri á skipi. Af því ég var búinn að læra setningu vann ég svolítið í auglýsingateiknun, sem nú er nefnd grafísk hönnun. Faðir minn var ánægður með það. Svo starfaði ég sjálfstætt í mörg ár við hönnun bóka.“

Sýningin á Vesturgötu 7 er opin milli klukkan 14 og 18.



Yndislegi faðir okkar, bróðir, afi,
tengdapabbi og gítarhetja,

**Guðlaugur Auðunn Falk**

lést á líknardeild Landspítalans
í Kópavogi 29. júní. Hann verður
jarðsunginn frá Háteigskirkju
miðvikudaginn 26. júlí kl. 13.00. Kaffi Ole.

**Kristján Ársæll**
**Sandra Rut**
**Árni Hrafn**
**Goði Hrafn**
**Heiðar Páll**
**Guðbjörg María**
**Haraldur**
**barnabörn.**



Elskulegur eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Halldór J. Júlíusson**
fyrrverandi veitingamaður,

lést á Landspítalanum Fossvogi
föstudaginn 14. júlí. Útförin fer fram
frá Fossvogskirkju mánudaginn
24. júlí klukkan 15.00. Blóm og kransar
vinsamlega afþakkaðir en þeim sem
vilja minnast hans er bent á líknarfélög.

**Hanna Guðmundsdóttir**
**Gunnhildur J. Halldórsdóttir** — **Sigurður Ö. Jónsson**
**Þ. Birna Halldórsdóttir** — **G. Oddgeir Indriðason**
**Magnús P. Halldórsson** — **Sigurlín S. Sæmundsdóttir**
**Halldór S. Halldórsson** — **Þórunn G. Guðmundsdóttir**



Elskulegur sonur okkar og bróðir,

**Bjarki Már Guðnason**

lést á Landspítalanum 14. júlí.
Útförin fer fram frá Selfosskirkju
mánudaginn 24. júlí kl. 13.00.

**Lilja Guðmundsdóttir** — **Jón Viðar Friðriksson**
**Guðni Gestur Pálmason** — **Anna Berglind Svansdóttir**
**Elísabet Sandra Guðnadóttir**
**Friðrik Snær Jónsson**
**Rúnar Alexander Jónsson**
**Gabríel Torfi Guðnason**



Elskulegur sonur okkar,
faðir, bróðir og barnabarn,

**Heiðar Orri Þorleifsson**
Unufelli 31,

lést 14. júlí. Útför hans fer fram
föstudaginn 21. júlí kl. 11.00
í Fossvogskirkju.

**Hulda Linda Stefánsdóttir** — **Þorleifur Ingi Einarsson**
**Stefán Bent Heiðarsson**
**Arna Rut Þorleifsdóttir** — **Bjarki Magnúsarson**
**Oddný Bjarnadóttir**




**Þú skráir þig í A4 klúbbinn á www.a4.is eða í næstu A4 verslun.**
**Frí heimsending ef verslað er fyrir 5.900 eða meira á www.a4.is**

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi
**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **pinterest.com/a4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

**SKÓLAVÖRUBÚÐIN ÞÍN**

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Austan- og suðaustanátt í dag, skýjað að mestu sunnan- og vestanlands og sums staðar dálítil væta, en bjart með köflum norðaustan til. Hiti að 25 stigum norðaustanlands.




## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 13° ↓ 4 | 10° ↓ 3 | 19° ↖ 4 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 17° ← 6 | 13° ↓ 1 | 9° ↓ 1 |

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 12° ↖ 6 | 12° ↑ 6 | 18° ↑ 5 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 13° ↖ 8 | 10° ← 8 | 8° ↑ 7 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 2 | 6 | 1 | 3 | 7 |
| 2 | 9 | | 3 | | 7 | | 4 | |
| | | | 5 | | | 6 | | |
| | 1 | | | 8 | | 3 | 2 | |
| 5 | 8 | | 6 | | | 4 | | |
| | | 7 | 1 | 9 | | 8 | 5 | |
| | | 1 | | | | | | |
| | | | | | 3 | | 1 | |
| 4 | 5 | 2 | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 8 | 1 | | | 2 | | |
| 3 | | | 2 | | 4 | 9 | 8 | |
| | | | 3 | | | 4 | 6 | 5 |
| | | 1 | | 9 | 8 | | | |
| | | | 5 | | 1 | | | 9 |
| 4 | | | 6 | | 7 | 3 | | |
| | | | | 5 | 2 | | | |
| | 2 | | | | | 5 | 7 | |
| | | 7 | | | | | 2 | 3 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | 1 | | 3 | | 6 | |
| | 2 | | 6 | | | 7 | | |
| 1 | 5 | | 4 | | 7 | | 8 | 2 |
| 6 | | 5 | | | | | | |
| | 3 | 8 | | | 6 | | | |
| | 7 | | | 1 | 4 | 6 | | |
| 5 | | 1 | | | | | 4 | |
| | | | | | 9 | | | 3 |
| 8 | | | | 4 | | 9 | 2 | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. margskonar
6. munni
8. fita
9. eldsneyti
11. tveir eins
12. plötu
14. slímdýr
16. í röð
17. blóm
18. dýrahljóð
20. tveir eins
21. tilræði

**LÓÐRÉTT**
1. að lokum
3. rómversk tala
4. skáldsaga
5. ískur
7. ættbálkur spendýra
10. festing
13. fley
15. sót
16. augnhár
19. á fæti

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT: 2.** ýmsu, **6.** op, **8.** mör, **9.** kol, **11.** gg, **12.** skífu, **14.** amaba, **16.** bd, **17.** rós, **18.** rýt, **20.** kk, **21.** árás.
**LÓÐRÉTT: 1.** loks, **3.** mm, **4.** sögubók, **5.** urg, **7.** pokadýr, **10.** lím, **13.** far, **15.** aska, **16.** brá, **19.** tá.

## Skák Gunnar Björnsson

Urcica átti leik gegn Honfi í Búkarest árið 1975.
**Hvítur á leik**
**1. Be4+! fxe4 2. Dd5+ Kc8 3. Dc6# 1-0.** Ofurmótið í Dortmund nýhafið. Kramnik byrjar ekki vel á mótinu.

**www.skak.is:** Nýjustu skákfréttir



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 9 | 7 | 8 | 3 | 5 | 2 | 4 | 6 |
| 2 | 4 | 5 | 9 | 6 | 7 | 1 | 3 | 8 |
| 8 | 6 | 3 | 1 | 4 | 2 | 9 | 5 | 7 |
| 3 | 7 | 1 | 6 | 5 | 4 | 8 | 9 | 2 |
| 4 | 5 | 8 | 2 | 7 | 9 | 3 | 6 | 1 |
| 9 | 2 | 6 | 3 | 8 | 1 | 4 | 7 | 5 |
| 5 | 1 | 9 | 4 | 2 | 6 | 7 | 8 | 3 |
| 6 | 3 | 2 | 7 | 9 | 8 | 5 | 1 | 4 |
| 7 | 8 | 4 | 5 | 1 | 3 | 6 | 2 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 1 | 5 | 8 | 4 | 6 | 9 | 3 | 7 |
| 6 | 8 | 9 | 3 | 5 | 7 | 2 | 1 | 4 |
| 3 | 7 | 4 | 1 | 2 | 9 | 5 | 6 | 8 |
| 7 | 2 | 1 | 6 | 8 | 3 | 4 | 5 | 9 |
| 5 | 6 | 8 | 9 | 7 | 4 | 1 | 2 | 3 |
| 9 | 4 | 3 | 5 | 1 | 2 | 7 | 8 | 6 |
| 4 | 3 | 2 | 7 | 6 | 5 | 8 | 9 | 1 |
| 8 | 9 | 7 | 2 | 3 | 1 | 6 | 4 | 5 |
| 1 | 5 | 6 | 4 | 9 | 8 | 3 | 7 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 9 | 4 | 5 | 1 | 6 | 8 | 2 |
| 5 | 8 | 4 | 6 | 7 | 2 | 9 | 3 | 1 |
| 6 | 1 | 2 | 3 | 8 | 9 | 4 | 5 | 7 |
| 4 | 5 | 1 | 2 | 3 | 8 | 7 | 6 | 9 |
| 9 | 2 | 7 | 5 | 6 | 4 | 8 | 1 | 3 |
| 8 | 6 | 3 | 1 | 9 | 7 | 2 | 4 | 5 |
| 7 | 3 | 6 | 8 | 2 | 5 | 1 | 9 | 4 |
| 1 | 9 | 5 | 7 | 4 | 6 | 3 | 2 | 8 |
| 2 | 4 | 8 | 9 | 1 | 3 | 5 | 7 | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.







## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman












**Það verður farin gróðurganga um trjásafnið í Meltungu í dag.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 20. JÚLÍ 2017

### Sýningar

**Hvað?** Happy People – Smoking Lounge no. 4
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Nýlistasafnið
Verið velkomin á fjórða og næstsíðasta reykkvöld sýningarinnar Happy People. Þá býðst gestum að reykja verk eftir Darra Lorenzen (IS), Gustav Wideberg (SE), Juanpedro Fabra Guemberena (UY/SE), Yaima Carrazana (CU) & Yazan Khalili (PS). Arnar Ásgeirsson, myndlistarmaður og sýningarstjóri sýningarinnar, spilar dáleiðandi videóverk.

**Hvað?** Með allt á hreinu – singalong aukasýning 20. júlí
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bíó Paradís
Vegna fjölda áskorana mun Bíó Paradís bjóða upp á aukasýningu á Með allt á hreinu singalong-sýningu.

### Uppákomur

**Hvað?** Hernámsganga
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Grófin
Hernámið er viðfangsefni kvöldgöngunnar þar sem Sigurlaugur Ingólfsson, sagnfræðingur hjá Borgarsögusafni Reykjavíkur, leiðir fólk um Kvosina og rifjar upp hinn afdrifaríka dag 10. maí 1940, þegar breskir landgönguliðar gengu á land í Reykjavík. Lagt verður af stað úr Grófinni milli Tryggvagötu 15 og 17 klukkan 20.00. Gangan tekur um það bil eina og hálfa klukkustund og hentar öllum. Leiðsögnin fer fram á íslensku og aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Rósaganga
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Kópavogur
Áhugi almennings á ræktun rósa hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár en nokkur hundruð tegundir og yrki rósa geta þrifist hér á landi. Í dag verður gróðurganga um trjásafnið í Meltungu þar sem rósir verða skoðaðar. Lagt verður af stað frá lysthúsinu í Yndisgarðinum kl. 17.30. Fyrir göngunni fara Samson B. Harðarson, verkefnisstjóri Yndisgróðurs, og Friðrik Baldursson, garðyrkjustjóri Kópavogsbæjar.

**Hvað?** Lífið í fjörunni
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Golfvöllurinn í Sandgerði
Gengið verður frá bílastæðum við Kirkjubólsvöll (golfvöllinn í Sandgerði). Frá golfvellinum liggur leiðin í fjöruna og út að Garðskagavita. Sunna Björk Ragnarsdóttir, líffræðingur hjá Náttúrustofu Suðvesturlands, leiðir ferðina og fræðir göngufólk um fjörulíf og fugla á svæðinu.

**Hvað?** Hinsegin tangó / Queer Tango
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hús Samtakanna '78
Gestakennari er Helen La Vikinga. Hún hefur rekið Queer tango-staði bæði í Buenos Aires og í Malmö, auk þess sem hún ferðast um heiminn og kennir tangó. Kvöldið byrjar á klukkutíma kennslu þar sem farið er í grunnþættina að fylgja og leiða, talað um hugtakið hinsegin tangó og kynntir fyrir þátttakendum möguleikar á að nota spuna til að tjá sig í tangóinum. Engin danskunnátta nauðsynleg og óþarfi að mæta með dansfélaga – bara góða skapið. Öll velkomin!

### Tónlist

**Hvað?** Tónleikar Duo Atlantica
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Iðnó
Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir mezzo-sópran og Francisco Javier Jáuregui gítarleikari mynda Duo Atlantica sem kemur fram á Arctic Concerts í Iðnó.

**Hvað?** Herbie Hancock ásamt hljómsveit
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Harpa
Herbie Hancock verður í Hörpu ásamt þeim Vinnie Colaiuta, James Genus, Lionel Loueke og Terrace Martin.

**Hvað?** Kaotískur hljóðheimur í bland við grípandi laglínur
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra
Undanfarin tvö ár hefur hljómsveitin Andy Svarthol setið í sveittri kjallaraholu og unnið að því að þróa sinn hljóm. Útkoman er kaotískur hljóðheimur blandaður grípandi laglínum, elektrónískur en lífrænn í senn. Til að fagna afrakstrinum er blásið til tónleika á Húrra. Hverjum miða fylgir stafræn smáskífa með útgáfum hljómsveitarinnar fram að þessu. María Viktoría hitar upp. Hún spilar ljúfsára folk-tónlist með glaðværum melódíum en angurværum textum. Húsið opnað klukkan 20.00, tónleikarnir byrja kl. 21.00 og er aðgangseyririnn 2.000 krónur.

**Hvað?** Nostalgia – Guðrún Árny og Soffía
**Hvenær?** 21.30
**Hvar?** Café Rosenberg
Tónleikar með systrunum Guðrúnu Árnýju Karlsdóttur og Soffíu Karls. Systurnar munu flytja uppáhaldslögin sín, innlend og erlend ásamt frumsömdum lögum eftir Guðrúnu Árnýju.
Ljúf kvöldstund með fallegum tónum og ljúfri stemningu. Miðaverð er 2.000 krónur.







RAFMAGNSREIÐHJÓL

MIKIÐ ÚRVAL AF RAFMAGNS-REIÐHJÓLUM
Apollo BigBoy
Li-ion rafhlaða
350w motor
26” gjarðir
Drægni 40-60 km.
Shimano gírar
Kenda dekk
229.900,-
Apollo
NITRO
Urðarhvarfi 4 / 203 Kópavogi
Sími 557 4848 / www.nitro.is

Skemmtanir
Árshátíðir
Grímuböll
Dimmisjón
ofl. & ofl.
Ykkar skemmtun....
....okkar fókus
Hókus Pókus
www.hokuspokus.is
Verslun og vefverslun
Laugavegi 69 S. 551-7955

L-Mesitran
Náttúruleg sáragræðsla með hunangi
Hunangsplástur og sárakrem með hunangi. Hentar á allar tegundir sára. Plásturinn hentar vel á lítil yfirborðssár. Nauðsynlegur á sára hæla eftir göngur.

- Fæst í apótekum -
Williams&Halls
www.wh.is

SUMARLEIÐIN
11GB
ENDALAUST TAL OG SMS
FYRIR AÐEINS
2.590 KR. Á mánuði
SKRÁÐU ÞIG Á 365.IS
365


Finnur Arnar í gættinni á fjárhúsunum á Kleifum þar sem myndlistin heldur innreið sína á laugardaginn.

# Beint frá Feneyjum í fjárhúsin

## Á laugardaginn verður opnuð sýning í fjárhúsunum að Kleifum á Blönduósi þar sem stór nöfn í myndlist sýna vídeóverk. Finnur Arnar er á meðal þeirra sem standa að sýningunni.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is


Hér eru helstu kanónur Íslands í myndlist að fara að sýna í gömlum fjárhúsum á bænum Kleifum á Blönduósi,“ segir myndlistarmaðurinn Finnur Arnar Arnarson sem lengi hefur unnið að undirbúningi og uppsetningu sýningarinnar sem verður opnuð í fjárhúsunum að Kleifum næsta laugardag. „Þau sem sýna hérna verk eru Dodda Maggý, Ragnar Kjartansson, Egill Sæbjörnsson, Olga Bergmann og Anna Hallin en þær tvær síðastnefndu sýna saman eitt verk. Þetta eru fjögur vídeóverk og í hverri kró fjárhúsanna er sýnt eitt verk. Nú er því verið að rækta hugann í útihúsunum og auðvitað er lambakjötið alltaf fínt en þetta sýnir okkur að það er hægt að rækta fleira en kjöt í íslenskri sveit. Það sorglega er þó að hér eru engar rollur lengur eftir að hér kom upp riða fyrir mörgum árum með þeim afleiðingum að allt var fellt. Þannig að nú er bara menningarbúskapur fram undan.“

Finnur segir að tengdamóðir hans, Ásdís Kristinsdóttir, eigi þetta slot á Blönduósi og að faðir hennar hafi byggt það á sínum tíma. „Við erum búin að vera saman í þessu ég og konan mín, hún Áslaug Thorlacius, en margir aðrir úr fjölskyldunni hafa einnig lagt hönd á plóg. Kannski verður svo framhald á þessu næsta sumar. Kannski er þetta eitthvað sem er komið til að vera og þá ekkert endilega myndlist, það getur verið eitthvað annað næst eins og leiklist eða bókmenntir eða hvað sem er. En það verður að segjast eins og er að það er ekkert mikið framboð af menningarviðburðum á þessu svæði. Þannig að okkur langaði til þess að gera það sem við kunnum og við höfum þessi sambönd innan myndlistarinnar og ákváðum að nýta okkur það. Við fórum í að fá listamennina til þess að koma og vera með og það er svo merkilegt að það segja bara alltaf allir já. Þetta fólk sem er að fara að sýna hikar ekki eitt andartak. Hingað koma listamenn beint frá Feneyjum í fjárhúsin og það þykir bara sjálfsagt mál.


Bærinn Kleifar á Blönduósi er skammt frá þjóðvegi eitt og því tilvalinn áningarstaður til þess að njóta listar.

En þetta er líka merki þess að það er enginn hroki í gangi hjá þessu listafólki. Ég reyni því líka að setja þetta fram með þeim hætti að ekkert er slegið af kröfum, er með fyrsta flokks hljóð- og sýningargræjur. Reyni svona að gera þetta eins vel og hægt er.“

Kleifar eru vel í sveit settar upp á heimsóknir og Finnur bendir á að ef fólk er á norður- eða suðurleið þá sé þetta í innan við þriggja mínútna fjarlægð frá þjóðvegi eitt. „Þetta er bara spurning um smá útúrdúr, allir eru velkomnir á opnunina sem verður á laugardaginn klukkan 14 og síðan verður opið frá og með laugardeginum frá klukkan tíu á morgnana til klukkan tíu á kvöldin í rúma viku. Þannig að það gefur fólki rúman tíma til þess að koma við og það kostar ekkert inn. Það er frekar að við bjóðum fólki kaffibolla ef það rennir við.“

Finnur er á því að það sé mikill kraftur í fólki í íslenskri myndlist. „Stundum finnst mér þó eins og myndlistin þurfi að finna sér annan vettvang. Sýningarrými eru alltaf að verða meira og meira þessir hvítu kassar galleríanna þar sem má ekki negla og sulla. Núna seinast fóru bæði Kling og Bang og Nýlistasafnið inn í Marshallhúsið sem er vissulega stórkostlegt en það fylgir því samt ákveðin umgjörð sem er önnur en sú sem ungt fólk þarf. Það þarf að fá að fríka út og sulla málningu á gólfið. Það getur vel verið að Nýló og Kling og Bang hugsi þetta þannig en umgjörðin er orðin önnur. Núna þarf ungt fólk að taka boltann og búa til það sem einu sinni var búið til með Nýló sem eru grasrótarsamtök eða Kling og Bang á sínum tíma og það þarf eitthvað nýtt svoleiðis. Það var gaman en allt verður þetta miðaldra á einhverjum tímapunkti eins og fólkið sem stjórnar því. Núna er kominn tími á eitthvað nýtt.

Það er ekki eins og þetta sé eitthvað rosalega frumleg hugmynd hjá okkur. Það eru sýningar í Verksmiðjunni á Hjalteyri og Rúllandi snjóbolti á Djúpavogi og margir að reyna að koma þessu út sem er mjög virðingarvert. En ef við ætlum að ná til nýrra gesta þá þarf standardinn að vera alvöru. Það þýðir ekkert að fara út á land og ætla að bjóða upp á eitthvað annað en hundrað prósent sem er ekki alltaf gert. Að halda því fram að fólkið úti á landi hafi einhvern annan smekk en fólkið í 101 er einfaldlega rangt. Þess vegna þurfum við að bjóða upp á það besta og gera hlutina eins vel og við getum.“




HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

# FERÐAVAGNA-SKOÐUN

**FRUMHERJI SKOÐAR FERÐAVAGNA Á EFTIRTÖLDUM STÖÐUM Á HÖFUÐ-BORGARSVÆÐINU.**




Frumherji
www.frumherji.is

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is

TILBOÐSVERÐ



-25%

GROHE

**HANDLAUGATÆKI**
Concetto
**11.996kr.**
15332204
Almennt verð: 15.995 kr.



-50%

TILBOÐSVERÐ

**HANDLAUG**
Sevilla 560x450x160 mm.
**9.995kr.**
10708505
Almennt verð: 19.795 kr.

TILBOÐSVERÐ

KHG

**RYKSUGA**
900W BS-900MT
**3.995kr.**
65103270
Almennt verð: 10.995 kr.



-64%

# FRAMKVÆMDA DAGAR TIL 31. JÚLÍ

SJÁÐU ÖLL TILBOÐIN Á BYKO.IS

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Tilboð gilda til 31. júlí eða á meðan birgðir endast.






# NÚ ER TÍMINN!

## ÞÚ FÆRÐ ALLT EFNIÐ Í PALLINN OG SKJÓLVEGGINN HJÁ OKKUR

*Fáðu verð í pallinn hjá okkur!*
timbur@byko.is



### GAGNVARIN FURA

**PALLURINN**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 0058324 | 27x95 mm. | 2.040 kr./m² | 204 kr./lm* |
| 0058325 | 27x120 mm. | 1.864 kr./m² | 233 kr./lm* |
| 0058326 | 27x145 mm. | 2.070 kr./m² | 309 kr./lm* |

**SKJÓLVEGGURINN**

| | | |
|---|---|---|
| 0058252 | 22x45 mm. | 89 kr./lm |
| 0059253 | 22x70 mm. | 148 kr./lm |
| 0058254 | 22x95 mm. | 176 kr./lm* |
| 0058255 | 22x120 mm. | 235 kr./lm |

**GRIND OG UNDIRSTAÐA**

| | | |
|---|---|---|
| 0058502 | 45x45 mm. | 173 kr./lm* |
| 0058504 | 45x95 mm. | 280 kr./lm* |
| 0058506 | 45x145 mm. | 461 kr./lm* |
| 0059954 | 95x95 mm. | 679 kr./lm* |

*4,5 m og styttra.

**REIKNAÐU ÚT EFNISKOSTNAÐ Á BYKO.IS**



**BOSCH**

TILBOÐSVERÐ

**BÚTSÖG**
PCM 8 1200W
**19.595kr.**
74862008
Almennt verð: 27.995 kr.

-30%



**BOSCH**

TILBOÐSVERÐ

**RAFHLÖÐUVÉL**
PSR14, 4LI
**19.595kr.**
74864116
Almennt verð: 27.995 kr.

-30%




**VERJUM VIÐINN**

málning

**PALLAOLÍA**
margir litir, 4 l.
**3.835kr.**
86363040

# PALLA-LEIKUR BYKO

Vinningshafar eru kynntir á Facebooksíðu BYKO á hverjum föstudegi til 18. ágúst.

*Vertu með!*

1. ÞÚ KAUPIR GAGNVARIÐ PALLAEFNI FYRIR 50.000 KR. EÐA MEIRA Á TÍMABILINU 1. MAÍ - 17. ÁGÚST 2017.
2. ÞÚ SKRÁIR NÓTUNÚMER OG AÐRAR NAUÐSYNLEGAR UPPLÝSINGAR Á www.byko.is/pallaleikur
3. ÞÚ ERT KOMINN Í POTTINN OG GÆTIR UNNIÐ VEGLEGA VINNINGA!

**FJÖLDI FRÁBÆRRA VINNINGA**



TILBOÐSVERÐ

**GARÐBORÐ**
26 mm L=1800 mm
**9.796kr.**
0291451
Almennt verð: 13.995 kr.

-30%

# SUMAR ÚTSALA

**20-50%** AFSLÁTTUR




-25%

**Broil King**

**GASGRILL**
Crown Cart 310 8,8kW
**44.996kr.**
50657516
Almennt verð: 59.995 kr.

**BYKO**
1962-2017
*55 ára*




## MASTERCHEF USA

Glæný sería með Gordon Ramsey í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band. Ýmsar þrautir eru lagðar fram í eldamennskunni og þar reynir á hugmyndaflug, úrræði og færni þátttakenda.


**FRÁBÆR FIMMTUDAGUR**

Fáðu þér áskrift á **365.is**

365


## NCIS



Stórgóðir og léttir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins sem þurfa nú að glíma við æ flóknari og hættulegri mál.

## FEARLESS




Lokaþáttur í þessum mögnuðu bresku spennuþáttum sem fjalla um mannréttindalögfræðinginn Emmu Banville sem er þekktust fyrir að velja sér krefjandi mál sem oft á tíðum eru talin óvinnandi.

## ANIMAL KINGDOM



Ungur maður flytur til ættingja sinna eftir að móðir hans deyr og lendir þar inni í vægast sagt flókinni atburðarás. Mögnuð glæpasería sem enginn má missa af!

## TRAINING DAY



Stórskemmtilegur spennuþáttur um tvo afar ólíka rannsóknarlögreglumenn sem oftar en ekki eru æði ósammála um hvernig löggæslan skuli fara fram!

## ROXANNE



Bráðskemmtileg og klassísk gamanmynd um slökkviliðsmann sem verður ástfanginn af Roxanne en hann þarf heldur betur að berjast um stúlkuna.

## CURB YOUR ENTHUSIASM



Þegar Larry þarfnast greiða hjá nágranna sínum sem er mikill Seinfeld aðdáandi fer hann þá leiðina að bjóða Juliu Louise-Dreyfus í heimsókn.


Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
365.is


# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## STÖÐ 2

**07.00 The Simpsons**
**07.25 Kalli kanína og félagar**
**07.50 Tommi og Jenni**
**08.10 The Middle**
**08.35 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Doctors**
**10.15 Mom**
**10.35 Landnemarnir**
**11.15 Sælkeraheimsreisa um Reykjavík** Í þessum vönduðu og glæsilegu þáttum fer Vala Matt í ferð um Reykjavík og heimsækir Íslendinga af erlendum uppruna. Við kynnumst matarmenningu þeirra og siðum og svo matreiða þeir fyrir okkur dýrindis góðan mat gerðan úr íslensku hráefni en með skemmtilegu og oft nýstárlegu kryddi og ævintýralegum matreiðsluaðferðum. Við fáum til dæmis japanskt sushi búið til á ótrúlega einfaldan hátt, sérkennilegan nepalskan eftirrétt, dásamlegan bistromat að hætti Parísarbúa, eþíópíska rétti borðaða með puttunum og margt fleira skemmtilegt og fræðandi. Matur frá Nepal, París, Japan, Íran, Taílandi, Eþíópíu, Póllandi og Perú, allt í heimahúsum í Reykjavík.
**11.40 Nettir kettir**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Truth**
**15.10 Batkid Begins**
**16.35 Impractical Jokers**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.25 Nágrannar**
**17.50 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Íþróttir**
**19.05 Ísland í sumar**
**19.25 2 Broke Girls** Bráðskemmtileg gamanþáttaröð um stöllurnar Max og Caroline sem eru staðráðnar í að láta drauma sína rætast.
**19.50 Masterchef USA**
**20.35 NCIS** Stórgóðir og léttir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins sem þurfa nú að glíma við æ flóknari og hættulegri mál.
**21.20 Fearless**
**22.10 Animal Kingdom**
**23.00 Training Day**
**23.45 Grantchester** Þriðja sería þessara bresku spennuþátta sem byggðir eru á metsölubókum rithöfundarins James Runcie og fjalla um prestinn Sidney Chambers og lögreglumanninn Geordie Keating sem rannsaka flókin sakamál í bænum þeirra, Grantchester, á sjötta áratug síðustu aldar.
**00.35 Gåsmamman**
**01.20 Inception**
**03.45 Crimes That Shook Britain**
**04.35 Truth**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.00 Real Salt Lake-Manchester United**
**08.40 Pepsi-deild kk - Stjarnan-KR**
**10.25 Pepsi-mörkin 2017**
**11.50 Bayern München-Arsenal**
**13.30 AS Roma-Paris St. Germain**
**15.10 Leicester City-West Bromwich Albion**
**16.50 Premier League Asia Trophy**
**18.30 Sumarmótin 2017**
**19.05 UEFA - Forkeppni Evrópudeildarinnar**
**21.15 Premier League World 2016/2017**
**21.45 Formúla 1 2017 - Keppni**
**00.00 Inkasso deildin - Leiknir R.-HK**
**02.00 Manchester United-Manchester City**

## STÖÐ 3

**17.15 Raising Hope**
**17.40 One Big Happy**
**18.05 The New Girl**
**18.30 Modern Family**
**18.55 Curb Your Enthusiasm**
**19.30 Sumar og grillréttir Eyþórs**
**19.55 Sósa og salat**
**20.15 Undateable**
**20.40 Claws**
**21.25 American Horror Story: Roanoke**
**22.05 Gilmore Girls**
**22.50 It's Always Sunny in Philadelphia**
**23.15 Eastbound & Down**
**23.50 Modern Family**
**00.15 Curb Your Enthusiasm**
**00.50 Sumar og grillréttir Eyþórs**
**01.15 Sósa og salat**
**01.35 Undateable**
**02.00 Claws**
**02.45 Tónlist**

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00 Kormákur**
**07.11 Zigby**
**07.25 Stóri og Litli**
**07.38 Latibær**
**08.00 Dóra könnuður**
**08.24 Mörgæsirnar**
**08.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 Áfram Diego, áfram!**
**09.24 Svampur Sveinsson**
**09.49 Lalli**
**09.55 Rasmus Klumpur**
**10.00 Lína langsokkur**
**10.25 Hvellur keppnisbíll**
**10.37 Ævintýraferðin**
**10.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**11.00 Kormákur**
**11.12 Zigby**
**11.26 Stóri og Litli**
**11.39 Latibær**
**12.00 Dóra könnuður**
**12.24 Mörgæsirnar**
**12.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**13.00 Áfram Diego, áfram!**
**13.24 Svampur Sveinsson**
**13.49 Lalli**
**13.55 Rasmus Klumpur**
**14.00 Lína langsokkur**
**14.25 Hvellur keppnisbíll**
**14.37 Ævintýraferðin**
**14.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**15.00 Kormákur**
**15.12 Zigby**
**15.26 Stóri og Litli**
**15.39 Latibær**
**16.00 Dóra könnuður**
**16.24 Mörgæsirnar**
**16.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**17.00 Áfram Diego, áfram!**
**17.24 Svampur Sveinsson**
**17.49 Lalli**
**17.55 Rasmus Klumpur**
**18.00 Strumparnir**
**18.25 Hvellur keppnisbíll**
**18.37 Ævintýraferðin**
**18.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**19.00 Ástríkur á Goðabakka**



**Doddi litli og Eyrnastór kl. 08.47, 12.47 og 16.47**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00 The Open Championship 2017**
**19.15 Inside the PGA Tour 2017**
**19.40 Golfing World 2017**
**20.30 Marathon Classic**
**22.30 The Open Championship 2017**

## BÍÓSTÖÐIN

**10.05 The Intern**
**12.05 Longest Ride**
**14.15 Roxanne**
**16.00 The Intern** Gamanmynd frá 2015 með Robert De Niro og Anne Hathaway í aðalhlutverkum. Ben Whittaker er 70 ára gamall ekkill, og lífið eftir að hann hætti að vinna og missti eiginkonuna er ekki eins og hann hefði óskað að það væri. Ekkert virðist fylla upp í tómið, þannig að Ben, sem ávallt var snjall í viðskiptum, ákveður að koma aftur inn á markaðinn sem lærlingur. Hann kemur til starfa í fyrirtæki Jules Ostin, sem Anne Hathaway leikur, en fyrirtækið, sem er vefsíða um tísku, hefur vaxið hratt á tveimur árum og nú starfa þar um 200 manns. Í fyrstu virðist sem Ben passi illa inn í þetta nútímalega tískufyrirtæki, en hann vingast þó fljótt við Jules og samskipti hans við aðra starfsmenn verða sömuleiðis áhugaverð og skemmtileg.
**18.00 Longest Ride**
**20.10 Roxanne**
**22.00 The Fantastic Four**
**23.40 Interstellar**
**02.25 The Gunman**
**04.20 The Fantastic Four**

## RÚV

**15.50 Noregur - Belgía**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Houdini**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Matur frá öllum heimshornum – Rick Stein: Ástralía**
**20.40 Í mat hjá mömmu**
**21.10 Svartir englar**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 EM kvenna: Samantekt**
**22.40 Haltu mér, slepptu mér**
**23.35 Skömm**

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00 Everybody Loves Raymond**
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 90210**
**09.50 Crazy Ex-Girlfriend**
**10.35 Síminn + Spotify**
**11.45 Dr. Phil**
**12.25 American Housewife**
**12.50 Remedy**
**13.35 The Biggest Loser**
**15.05 The Bachelor**
**16.35 King of Queens**
**17.00 Younger**
**17.25 How I Met Your Mother**
**17.50 Dr. Phil**
**18.30 The Tonight Show starring Jimmy Fallon**
**19.10 The Late Late Show with James Corden**
**19.50 Making History**
**20.15 Pitch**
**21.00 How to Get Away with Murder**
**21.45 MacGyver**
**22.30 Better Things**
**23.00 The Tonight Show starring Jimmy Fallon**
**23.40 The Late Late Show with James Corden**
**00.20 24**
**01.05 Under the Dome**
**01.50 Twin Peaks**
**02.35 Mr. Robot**
**03.20 House of Lies**
**03.50 How to Get Away with Murder**
**04.35 MacGyver**
**05.20 Better Things**
**05.50 Síminn + Spotify**

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |




GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

# Sólríkir hveitibrauðsdagar

Nýgift hjón fagna gjarnan ástinni með því að fara í skemmtiferð út fyrir landsteinana á hveitibrauðsdögunum. Sólríkir staðir eru vinsælir, gríska eyjan Mykonos og Seychelles-eyjar þykja til dæmis fullkomnir áfangastaðir fyrir ástfangin pör.



Hjónin Chrissy Teigen og John Legend nutu lífsins í í Portofino á Ítalíu. Þau gengu í það heilaga á Ítalíu árið 2013.

Vilhjálmur prins og Katrín, hertogaynja- af Cambridge, giftu sig árið 2011 og vörðu svo hveitibrauðsdögunum á afskekktum stað á Seychelles-eyjum.

Bubbi Morthens og Hrafnhildur Hafsteinsdóttir héldu til rómantísku borgarinnar Parísar eftir brúðkaupið árið 2008.

Jennifer Aniston og Justin Theroux vörðu sínum hveitibrauðsdögum á eldfjallaeyjunni Bora-Bora.

Söngvarinn Jón Ragnar Jónsson og tannlæknirinn Hafdís Björk Jónsdóttir létu pússa sig saman í byrjun júlí. Þau fögnuðu ástinni á Mykonos og svo á Santorini.

## Ása og Emil

Ása Reginsdóttir og Emil Hallfreðsson giftu sig árið 2012 og eftir það var haldið til Dubai. „Við fórum til Dubai beint eftir brúðkaupið en þar vorum við viss um að fá sól og hita. Og þangað var þægilegt og gott að fara með son okkar sem var þá kornabarn. Ári seinna fórum við svo bara tvö í örlítið rómantískari ferð til Santorini og Mykonos og það má eiginlega segja að það hafi verið hin eiginlega brúðkaupsferð,“ segir Ása.

**ÁRI SEINNA FÓRUM VIÐ SVO BARA TVÖ Í ÖRLÍTIÐ RÓMANTÍSKARI FERÐ TIL SANTORINI OG MYKONOS.**

## Aron Einar og Kristbjörg

Knattspyrnumaðurinn Aron Einar Gunnarsson og einkaþjálfarinn Kristbjörg Jónasdóttir fögnuðu ástinni á Maldíveyjum. „Það hefur alltaf verið draumur að fara til Maldíveyja og við ákváðum að láta verða af því að fara þangað í brúðkaupsferð. Við sjáum sko ekki eftir því,“ segir Kristbjörg sem gefur Maldíveyjum hæstu einkunn.

„Við vorum á eyju sem heitir Hurawalhi og ef ég ætti að lýsa henni í einu orði þá væri það: „draumaparadís“. Maturinn var mjög góður og þjónustan og allt þjónustufólk yndislegt. Þó svo að ferðalagið hafi verið langt þá var þetta 100% þess virði,“ segir Kristbjörg sem náði góðri slökun í brúðkaupsferðinni. „Það er ekkert það mikið sem er hægt að gera en alltaf hægt að finna eitthvað, fullkomið fyrir afslöppun og til að njóta með makanum. Þetta er ekta áfangastaður fyrir kærustupör eða hjón, og ég mæli klárlega með þessum stað.“



Aron Einar og Kristbjörg Jónasdóttir vörðu hveitibrauðsdögunum á Maldíveyjum. MYND/KRISTBJÖRG

**VIÐ VORUM Á EYJU SEM HEITIR HURAWALHI OG EF ÉG ÆTTI AÐ LÝSA HENNI Í EINU ORÐI ÞÁ VÆRI ÞAÐ: „DRAUMAPARADÍS“.**



Hönnuðurinn Victoria Beckham og fyrrverandi fótboltakappinn David Beckham vörðu hveitibrauðsdögunum í París árið 1999.

Árið 1956 gitust leikkonan Grace Kelly og Rainier fursti af Mónakó. Því var fagnað með sjö vikna brúðkaupsferð um Miðjarðarhaf.



Tónlistarfólkið Beyoncé og Jay Z giftu sig árið 2008 og fóru til Maldíveyja í brúðkaupsferð.



George Clooney og Amal Alamuddin fóru til Seychelles-eyja til að fagna hjónabandi sínu en þau giftu sig árið 2014 á Ítalíu.

**Ertu að leita að svefnplássi?**
Tjaldaðu þá á toppnum

- Stærð innanmál - 140x200cm
- Svefnpláss fyrir 2-3 fullorðna
- Fjarstýrður rafmagnsupphalari

Verð kr. 328.700-



Upplýsingar í síma 8966614 / 8433230 eða á foxonroute@foxonroute.com
Hægt að sjá nánari lýsingar á www.foxonroute.net



3 VERÐ Í GANGI.

1000 kr.
2000 kr.
3000 kr.

FRÁBÆRT ÚRVAL

Möst C Tískufataverslun

Möst.C
Tískuvöruverslun fyrir konur

Bláu húsin Faxafeni | S. 588 4499 | Opið mán.-fös. | 11-18 | lau. 11-16

# ÚTSALAN

## í fullum gangi – allt að

# 70% AFSLÁTTUR



**DEKLOK veggklukka**
**30% afsláttur**
Verð áður 1.990 ,- **NÚ 1.393,-**





**SUNDAY HORNSÓFI 40% afsláttur**
Verð áður 179.900 ,- **NÚ 107.940,-**







**HENGIRÚM 280x180cm**
**30% afsláttur**
Verð áður 12.990 ,-
**NÚ 9.093,-**



**INYO borð - 3 í setti 30% afsláttur**
Verð áður 25.900 ,- **NÚ 18.130,-**



**TUILERIES spegill**
**30% afsláttur**
Verð áður 25.900 ,-
**NÚ 18.130,-**

**LUKTIR litlar 70% afsláttur**
Verð áður 1.990 ,- **NÚ 597,-**





**LYNGBY borðstofustóll**
**20% afsláttur**
Verð áður 15.990 ,-
**NÚ 12.792,-**



**ZWOLLE spegill**
svart/gyllt
**50% afsláttur**
Verð áður 19.990 ,-
**NÚ 10.000,-**







**MEMPHIS stóll**
**50% afsláttur**
Verð áður 8.990 ,- **NÚ 4.495,-**



**BOISE stóll 50% afsláttur** Verð áður 8.990 ,- **NÚ 4.495,-**

the PIER

**ACAPULCO borð** hvítt **50% afsláttur**
Verð áður 15.990 ,- **NÚ 7.995,-**

**ACAPULCO stóll** hvítur
**50% afsláttur**
Verð áður 9.990 ,-
**NÚ 4.995,-**

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880 • Selfossi 522 7890








Sigríði Lenu grunar að margar konur séu í sömu hugleiðingum um barneignir og hún. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Íhugar að eignast barn með gjafasæði

**Sigríður Lena** er 32 ára og barnlaus. Hún er ekki í sambandi en finnur fyrir löngun til að eignast börn. Hún íhugar að stofna fjölskyldu ein með því að þiggja gjafasæði og veit um konur í sömu pælingum.

Fyrir um þremur árum fór flugfreyjan Sigríður Lena Sigurbjarnadóttir að finna fyrir löngun til að eignast börn. Sigríður hefur ekki verið í alvarlegu sambandi í nokkur ár og hún segir það vissulega flækja málin.

„Ég hef ekki verið í alvarlegu sambandi í nokkur ár og þess vegna fór ég að hugsa um aðrar leiðir til þess að stofna fjölskyldu. Ég fór að afla mér upplýsinga um það hvort einhverjar konur á Íslandi hefðu farið í gegnum tæknifrjóvgun einar síns liðs, en ég vissi að þetta var gert í Danmörku. Ég komst svo að því að búið var að leyfa tæknifrjóvgun hérna heima og að einhleypar og samkynhneigðar konur voru að nota þessa aðferð til þess að eignast fjölskyldu,“ útskýrir Sigríður sem íhugar nú að eignast barn ein með gjafasæði.

Aðspurð hvort það sé eitthvað sem hræði hana við tilhugsunina um að eignast barn ein segir Sigríður: „Nei, í sjálfu sér er ekkert rosalega mikið sem hræðir mig við að gera þetta án maka. En ég á mjög gott bakland þannig að ég myndi í sjálfu sér ekki vera að gera þetta alein. Ég á frábæra fjölskyldu og magnaða vini sem eru allir af vilja gerðir til að hjálpa. Samt sem áður er ég 100% viss um að þetta eigi ekki eftir að vera auðvelt ferli ef til þess kæmi.“

**ÉG ÆTLA AÐ SJÁ HVORT EITTHVAÐ BREYTIST Í ÁSTAMÁLUNUM EN EF EKKI ÞÁ ER ÞETTA NÆSTA SKREF SEM ÉG MUN SENNILEGA TAKA.**

Sigríður, sem er 32 ára, kveðst hafa fundið fyrir miklum stuðningi frá sínum nánustu eftir að hún byrjaði að ræða þetta. „Stuðningurinn er ómetanlegur. Fólkið mitt er fullt skilnings og skilur vel að ég vilji eignast barn, en hvort það verður með þessum hætti kemur í ljós,“ útskýrir Sigríður sem hefur fengið góð viðbrögð við hugmynd sinni úr öllum áttum. „En auðvitað er alltaf einhver sem er ekki sammála þessu og það er auðvitað bara allt í góðu,“ segir Sigríður sem ætlar að taka sér ár í að hugsa málið nánar. „Ég ætla að sjá hvort eitthvað breytist í ástamálunum en ef ekki þá er þetta næsta skref sem ég mun sennilega taka.“

## Finnur fyrir pressu

Spurð hvort hún verði vör við að það sé mikil pressa á barnlausar konur á hennar aldri að eignast börn svarar Sigríður játandi. „Já, ég finn fyrir þessari pressu og veit að barnlausar vinkonur mínar sem eru í samböndum finna mikið fyrir þessu, þá er alltaf verið að spyrja. Samt sem áður hef ég líka tekið eftir því hvað barneignum hefur seinkað og finnst það bara af hinu góða.“

Eins og áður sagði lagðist Sigríður í smá rannsóknarvinnu þegar hugmyndin kviknaði hjá henni og hún var forvitin um hvort fleiri konur væru í sömu sporum og hún. „Ég hef lesið sögur íslenskra kvenna sem hafa gengið í gegnum þetta ferli og þegar ég fór að tala um þetta við vinkonur mínar þá vissu þær undantekningarlaust um einhverja sem væri í þessum hugleiðingum eða búin að fara í þetta ferli. Ég er nokkuð viss um að það eru fleiri konur að hugleiða þetta en við ímyndum okkur,“ segir Sigríður sem bloggar á fagurkerar.is. Nýverið birti hún færslu með pælingum sínum um barneignir á blogginu. „Þá sendu nokkrar konur mér sínar sögur. Mér þykir rosalega vænt um það og met mikils. Reyndar hef ég líka fengið mikið af skilaboðum og vinabeiðnum á Facebook frá karlmönnum sem ég hef einhvern tímann talað við á Tinder. Ég hlæ bara því að það er eiginlega of fyndið.“

**gudnyhronn@365.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


QUAKER
OATS
Höfrum það
gott
*
OAT SO SIMPLE
GOLDEN SYRUP
2 MINS
OAT SO SIMPLE
ORIGINAL
2 MINS
HEILKORNA
STUÐLAR AÐ LÆKKUN KÓLESTERÓLS
TREFJARÍKT
*Hafrar innihalda beta-glúkan sem stuðlar að lækkun kólesteróls. Hátt kólesteról í blóði er einn helsti áhættuþáttur kransæðasjúkdóma. Myndskreytingar á umbúðum eru eingöngu til skrauts.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.



Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Láru G. Sigurðardóttur




## Uppvakningur

Unglingar geta verið erfiðir. Móðir mín er til vitnis um það. Ekki nóg með að unglingar séu að slíta sig frá naflastrengnum heldur eru þeir oft vakandi fram á nótt. Ég ber ábyrgð á unglingi sem tekur rispur og liggur andvaka í nokkrar klukkustundir.

Ég veit að unglingurinn hefur mikinn áhuga á samfélagsmiðlum eins og önnur börn og að komast á næsta leikjaborð í tölvuleik en það eru ekki einu ástæðurnar sem halda fyrir honum vöku.

Unglingar eru ekki í sama tímabelti og aðrir, svona líkamlega séð. Líkamsklukkunni seinkar á unglingsaldri sem þýðir að þeir verða seinna þreyttir en aðrir. Það getur skapað ákveðin vandræði þegar unglingur er rifinn upp úr rekkju árla morguns eða skipað í háttinn á kristilegum tíma. Eftir því sem saxast á svefninn safnast upp þreyta, pirringur, einbeitingar- og eirðarleysi. Við segjum þá stundum að við séum komin með uppvakning á heimilið.

Ég tók fræðin heim og gaf unglingnum melatónínpillu eftir kvöldmat. Eftir það heyrðust ljúf svefnhljóð úr herberginu hans á eðlilegum háttatíma. Þegar andvökunætur endurtaka sig dugar að gefa honum melatónín nokkur kvöld og þá dettur hann í „réttan takt“.

Melatónín er svefnlyf að því leyti að það getur hjálpað til við að flýta líkamsklukkunni og fá okkur til að sofna fyrr. Að því gefnu að við séum ekki í mikilli birtu eins og fyrir framan tölvuskjá því birta seinkar líkamsklukkunni. Samfélagið er ekki sniðið að líkamsklukku unglings og meðan svo er þá vil ég heldur hafa úthvíldan ungling á heimilinu en uppvakning. Í framtíðinni munum við vonandi aðlaga umhverfið unglingum eins og að leyfa þeim að mæta seinna í skólann en venja er.


OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ICELAND ENGIHJALLA, VESTURBERGI, ARNARBAKKA OG GLÆSIBÆ

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland

KRÓNAN







Sómasalat

GERIR KRAFTAVERK

FYRIR DAGLEGT BRAUÐ

FERSKT Á FERÐINNI ★ FRESH TO GO

